



Borgarráð

Græna planið – Heildarstefna Reykjavíkur til 2030 og Sóknaráætlun 2022-2023

Lagt er til að borgarráð samþykki uppfærða útgáfu á Græna planinu – Heildarstefnu Reykjavíkur til 2030 og Sóknaráætlun Græna plansins 2022-2023, langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar. Græna planið er heildarstefna Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn.

Greinargerð:

Græna planið var upphaflega samþykkt í borgarstjórn 15.12.2020. Síðan þá hafa verið lagðar fram árfjórðungsskýrslur í borgarráði um framgang sóknaráætlunar Græna plansins sem hefur gengið vel. Uppfærð útgáfa Græna plansins tekur mið af því að skýra og skerpa áætlunina með nýrri sóknaráætlun fyrir næstu tvö árin.

Græna planið er áætlun borgarinnar um efnahagslega endurreisn og felur í sér sóknaráætlun gagnvart hinum gríðarlega samdrætti sem leiðir af heimsfaraldri kórónaveirunnar. Græna planið beinir fjárfestingu í að vinna gegn loftslagsbreytingum og þróa borgina með kraftmiklum grænum vexti. Græna planið byggir á hugmyndafræði sjálfbærni, og leggur fram skýra framtíðarsýn um blómstrandi og kolefnishlutlaust borgarsamfélag þar sem allir geta fundið sér tilgang og hlutverk.

Framtíðarsýn Græna plansins er að Reykjavík er borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum, góðri þjónustu og öfluggu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Græna planið 2022.

Græna planið – Sóknaráætlun 2022-2023.



Reykjavík

Græna planið

Heildarstefna Reykjavíkurborgar til 2030



Mars 2022



Efnisatriði

- Framtíðarsýn Græna plansins
 1. Græn borg
 2. Vaxandi borg
 3. Borg fyrir fólk
- Innleiðing Græna plansins
- Græna planið og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Græn borg



Vaxandi borg



Borg fyrir fólk



Græna planið



Græna planið

Græna planið er heildarstefna **Reykjavíkurborgar** sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn





Framtíðarsýn



Framtíðarsýn

Reykjavík er borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum, góðri þjónustu og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir

Lykilviddir græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta

KOLEFNISHLUTLAUS BORG

Reykjavík er kolefnishlutlaus, blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg

GRÆNN VÖXTUR

Í Reykjavík er kraftmikið, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsókna og athafna

REYKJAVÍK OKKAR ALLRA

Reykvískt samfélag er byggt á réttlæti, sanngirni og þátttöku barna og fullorðinna. Borgarbúar lifa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigin líf og annarra. Með því að hlusta, miðla, rýna og þróa er stuðlað að inngildingu þar sem engin er skilin eftir



Græn borg



Græn borg

Framtíðarsýn Græna plansins í umhverfis- og loftslagsmálum

1. KOLEFNIS- HLUTLAUS BORG

Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040

Helstu markmið í umhverfis- og loftslagsmálum í Reykjavík til 2030

1. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda
2. Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða
3. Borgin aðlöguð að áhrifum loftslagsbreytinga
4. Bætt aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum
5. Vistvænar samgöngur



Græn borg

Framtíðarsýn Græna plansins í umhverfis- og loftslagsmálum

Markmið Reykjavíkurborgar er að verða kolefnishlutlaus fyrir árið 2040 og að aðlögun að loftslagsbreytingum verði með vistvænum og mannvænum hætti

1.1 Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda

- Samgöngur eru grænar með breyttum ferðavenjum og orkuskiptum í samgöngum
- Ferðapörf hefur minnkað með bættri stafrænni og sjálfvirkri þjónustu og aukinni grunnþjónustu í nærumhverfi
- Myndun úrgangs hefur dregist saman
- Hringrásarhagkerfið er komið til að vera
- Aukin áhersla er á vistvæn mannvirki og minni orkunotkun
- Rekstur, innkaup og þjónusta Reykjavíkurborgar er grænni og sjálfvirkari



Græn borg

Framtíðarsýn Græna plansins í umhverfis- og loftslagsmálum

Markmið Reykjavíkurborgar um eflingu kolefnisbindingar og grænna svæða til 2030 fela í sér aukna ræktun, nýtingu sem og samtengingu milli grænna svæða

1.2 Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða

- Skógrækt og gróður í borgarumhverfinu hefur aukist og íbúar fá notið jákvæðrar áhrifa náttúru á andlega og líkamlega heilsu
- Græn svæði eru tengd með grænu neti til að efla svæðin og styðja við virka samgöngumáta og líffræðilega fjölbreytni
- Vel er farið með náttúruauðlindir, þjónustu vistkerfa og líffræðilega fjölbreytni með sjálfbærri landnotkun



Græn borg

Framtíðarsýn Græna plansins í umhverfis- og loftslagsmálum

Markmið Reykjavíkurborgar um aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga til 2030 felast bæði í að vinna gegn loftslagsbreytingum og í aðlögun að þeim

1.3 Borgin aðlöguð að áhrifum loftslagsbreytinga

- Borgin aðlagast að breyttu veðurfari og aukinni úrkomu með náttúrumiðuðum lausnum við styrkingu innviða
- Hafnarmannvirki og strandsvæði eru búin undir hækkandi yfirborð sjávar
- Auknum kostnaði vegna ágengra tegunda er mætt



Græn borg

Framtíðarsýn Græna plansins í umhverfis- og loftslagsmálum

Markmið Reykjavíkurborgar til að bæta aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum til 2030 felast í áherslu á lýðheilsusjónarmið og auknum borgarbúskapi

1.4 Bætt aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum

- Staðinn er vörður um neysluvatn sem er grunnurinn að allri matvælaframleiðslu
- Staðinn er vörður um loftgæði og vatnsgæði sjávar og ferskvatns sem er grunnurinn að allri útivist
- Stutt er við hverskyns hreyfingu og útivist samhliða uppbyggingu á grænum svæðum
- Sjálfbærni hefur aukist við framleiðslu og neyslu matvæla og matarsóun minnkað
- Bætt aðgengi og aukið framboð er á grænmetisfæði og matvælum með takmörkuðu kolefnisspori



Græn borg

Framtíðarsýn Græna plansins í umhverfis- og loftslagsmálum

Markmið Reykjavíkurborgar í fjárfestingu í samgönguinnviðum til 2030 er að hún verði á grænum og fjölbreyttum forsendum

1.5 Vistvænar samgöngur

- Samgöngur í Reykjavík setja gangandi og hjólandi vegfarendur ásamt almenningssamgöngum í forgang og draga um leið úr svifryki, loftmengun og hávaða
- Umferðaröryggi er megináhersla í allri ákvarðanatöku. Í samræmi við núllsýn borgarinnar er ekki réttlætanlegt að fórna heilsu vegfarenda fyrir aðra hagsmuni samfélagsins, eins og til dæmis minni tafir
- Almenningsamgöngur eru tíðar og þéttofið net hjóla- og göngustíga tengir borgarhverfin saman
- Borgarrýmið er aðlaðandi og öruggt fyrir alla með lágum umferðarhraða þar sem fjölda bílastæða er stillt í hóf og þeim komið þannig fyrir að dýrmætt land nýtist vel
- Uppbygging Borgarlínu og framkvæmd annarra þátta samgöngusáttamála höfuðborgarsvæðisins tengir helstu uppbyggin garsvæði borgarinnar saman við aðra hluta svæðisins



Vaxandi borg



Vaxandi borg

Framtíðarsýn Græna plansins í
efnahagsmálum

2. GRÆNN VÖXTUR

Í Reykjavík er kraftmikið,
samkeppnishæft borgarsamfélag og
frjósamur jarðvegur fyrir skapandi
hugmyndir sem laðar fólk að til
búsetu, heimsókna og athafna

Helstu markmið í fjármálum, uppbyggingu og atvinnumálum í Reykjavík til 2030

1. Ábyrg fjármálastjórnun
2. Þétt og blönduð byggð
3. Ný atvinnutækifæri framtíðar
4. Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og
nýsköpun



Vaxandi borg

Framtíðarsýn Græna plansins í
efnahagsmálum

Markmið Reykjavíkurborgar í
fjármálum til 2030 er ábyrg
fjármálastjórnun sem byggir á
grunngildum fjármálastefnu
Reykjavíkurborgar um
sjálfbærni, varfærni,
stöðugleika, festu,
fyrirsjáanleika og gagnsæi

2.1 Ábyrg fjármálastjórnun

- Fjármálastjórn er öguð og með áherslu á ábyrga ráðstöfun fjármuna og aðhaldi í rekstri
- Þjónusta borgarinnar við íbúa er varin
- Stöðugleiki er tryggður með því að haga útgjöldum til rekstrar og fjárfestinga til langs tíma í takt við þróun tekjustofna
- Tekjustofnar borgarinnar hafa verið styrktir og viðspyrna mynduð í hagkerfinu



Vaxandi borg

Framtíðarsýn Græna plansins í
efnahagsmálum

Markmið Reykjavíkurborgar í
íbúðauppbyggingu er að
byggðar verði 1.000-1.500
nýjar íbúðir á ári til 2030
í þéttri, blandaðri byggð með
sjálfbærni hverfa að leiðarljósi

2.2 Þétt og blönduð byggð

- Borgin hefur vaxið og íbúum og störfum fjölgað á sama tíma og útblástur vegna bílaumferðar hefur dregist saman
- 10.000-15.000 nýjar íbúðir hafa risið í Reykjavík síðastliðinn áratug; allar á þéttingarreitum sem auka sjálfbærni hverfa og nýtir betur innviði borgarinnar
- 80% nýrra íbúða hafa risið innan áhrifasvæðis Borgarlínu og a.m.k. 90% hafa risið innan núverandi þéttbýlismarka
- Fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla hópa - 25% af nýjum íbúðum innan hverfa byggðar á vegum óhagnaðardriffinna húsnæðisfélaga
- Lykiluppbyggingarsvæðin eru:
Ártúnshöfði, Skerjafjörður, Vogabyggð og þróunarsvæði meðfram Borgarlínu



Vaxandi borg

Framtíðarsýn Græna plansins í
efnahagsmálum

**Markmið Reykjavíkurborgar í
þróun atvinnutækifæra til 2030
er að hún verði á forsendum
þekkingar, nýsköpunar og
sjálfbærni til framtíðar**

2.3 Ný atvinnutækifæri framtíðar

- Aukin áhersla er lögð á að rækta nýsköpunarhugsun og skilning borgarkerfisins á forsendum nýsköpunar í atvinnulífi og menningu
- Þjónustu borgarinnar, þ.m.t. við atvinnulífið hefur verið umbreytt til stafrænna, einfaldara og aðgengilegra horfs
- Grænar og skapandi greinar hafa verið efldar og störfum í nýsköpun fjölgað með áherslu á sprotastarfsemi og fjölda nýsköpunarlausna
- Í þróun hefðbundinna atvinnugreina innan borgarinnar er áhersla lögð á aukna nýsköpun, sjálfbærni og atvinnuþátttöku allra þjóðfélagshópa
- Reykjavíkurborg tekur þátt í ýmiss konar árangursríku klasasamstarfi og alþjóðlegu nýsköpunar- og rannsóknarsamstarfi
- Reglulega er skoðað hvaða hæfni og þekkingu Reykjavík framtíðarinnar kallar eftir og hvernig við tryggjum að það sé til staðar m.a. í gegnum skólakerfið



Vaxandi borg

Framtíðarsýn Græna plansins í
efnahagsmálum

**Markmið Reykjavíkurborgar í
þróun nýrra athafnasvæða fyrir
atvinnulíf til 2030 eru góð
landnýting, fjölbreytt atvinnulíf
og athafnasvæði fyrir allar
tegundir fyrirtækja af öllum
stærðum**

2.4 Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun

- Uppbygging innviða og aðstöðu fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi er í takt við framtíðarsýn borgarinnar
- Fyrirtæki fá rými til athafna og tryggðir eru möguleikar fyrir aðila sem hyggjast þróa land á þéttingarreitum og færa starfsemi sína til innan borgarinnar
- Í Reykjavík er að finna öfluga nýsköpunar- og þekkingarkjarna
- Ný öflug athafnasvæði eru fyrir lítil og stór fyrirtæki á Hólmsheiði, Esjumelum og Álfsnesi
- Atvinnutækifæri hafa þróast og ný störf hafa dreifst um alla borg, inn í þegar byggð hverfi og inn á nýja uppbyggingarreiti



Borg fyrir fólk



Borg fyrir fólk

Framtíðarsýn Græna plansins í samfélagsmálum

3. REYKJAVÍK OKKAR ALLRA

Reykvískt samfélag er byggt á réttlæti, sanngirni og þátttöku barna og fullorðinna. Borgarbúar lifa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigin líf og annarra. Með því að hlusta, miðla, rýna og þróa er stuðlað að inngildingu þar sem engin er skilin eftir

Helstu markmið í samfélagsmálum í Reykjavík til 2030

1. Fyrir okkur öll
2. Látum draumana rætast
3. Menning og listir verða samofin borgarlífinu
4. Íþróttir fyrir alla
5. Bætt lýðheilsa
6. Mannréttindi, aukin þátttaka og bætt samtal við íbúa



Borg fyrir fólk

Framtíðarsýn Græna plansins í samfélagsmálum

Markmið Reykjavíkurborgar er að veita velferðarþjónustu sem stuðlar að góðri líðan íbúa og við upplifum að Reykjavík sé fyrir okkur öll

Velferðarstefna Reykjavíkurborgar er rammi utan um metnaðarfulla velferðarþjónustu sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að því að allir Reykvíkingar eigi kost á að lifa með reisn

3.1 Fyrir okkur öll

- Grundvallarnálgun í velferðarþjónustu borgarinnar er engin tvö eru eins. Mál hvers einstaklings er metið á eigin forsendum og þjónusta sniðin að hverjum og einum
- Velferðarþjónusta er margþætt og fjölbreytt. Hún er skipulögð á notendavænan, heildstæðan og skilvirkan hátt og gerð aðgengileg og nálæg þeim sem þurfa á þjónustunni að halda
- Þjónusta sem snýr að heill og hamingju einkennist af samkennd, umhyggju, skaðaminnkandi nálgun og umfram allt virðingu fyrir einstaklingnum. Ekki er gefist upp á neinum og áhersla lögð á valdeflingu og hjálp til sjálfshjálpar
- Velferðarþjónusta hvílir á fyrirbyggjandi aðgerðum þar sem traustar upplýsingar og vísbendingar eru nýttar í forvarnir
- Árvekni gagnvart fjölbreyttum þörfum fólks er lykillinn að trausti í garð velferðarþjónustu
- Í velferðarþjónustu starfar faglegt og framsýnt starfsfólk sem vinnur saman að árangursríkum lausnum í takt við nýjustu þekkingu og tækni



Borg fyrir fólk

Framtíðarsýn Græna plansins í samfélagsmálum

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur okkur til að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum umhverfis, samfélags- og tæknibreytingum.

Leiðarljós stefnu frístundapjónustu er að bjóða upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundapjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags

3.2 Látum draumana rætast

- Börn öðlast sterka sjálfsmynd, góða félagsfærni, trú á eigin getu og ná árangri
- Börnin lesa sér til gagns og gamans, afla sér þekkingar og öðlast skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýna frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.
- Börn vaxa, dafna og una sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Þau hafa áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi
- Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti
- Uppeldi og menntun barna og unglinga er samfélagslegt verkefni. Fjölskyldur barna í skóla- og frístundastarfi eru mikilvægir samstarfsaðilar þeirra sem þar starfa og deila með þeim ábyrgð á menntun og uppeldi



Borg fyrir fólk

Framtíðarsýn Græna plansins í samfélagsmálum

Markmið Reykjavíkurborgar er að allir borgarbúar hafi jöfn tækifæri til þess að taka þátt í og njóta menningar og lista

3.3 Menning og listir verði samofin borgarlífinu

- Öllum íbúum Reykjavíkurborgar á öllum aldri stendur til boða að taka þátt og njóta menningar og lista
- Menningarstarf er sýnilegt og lifandi í öllum hverfum borgarinnar
- Lista- og menningarlífið er jarðvegur fyrir þann fjölbreytileika sem borgin býr yfir og endurspeglar hann
- Reykjavík er borg sem innlendir og erlendir gestir heimsækja til að njóta lista og menningar
- Reykjavík er borg sem listafólk hvaðanæva úr heiminum sækist eftir að starfa í



Borg fyrir fólk

Framtíðarsýn Græna plansins í samfélagsmálum

Markmið Reykjavíkurborgar á sviði íþróttamála er að flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu

3.4 Íþróttir fyrir alla

- Íþróttir, líkamsrækt og hreyfing er fyrir alla á öllum æviskeiðum óháð afreksmiðaðri nálgun
- Öll börn og unglingar fá tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi án tillits til uppruna, kyns, kynvitundar, trúarbragða, stéttar, kynvitundar, fötlunar, holdarfars, atgervis eða annarrar stöðu
- Hagkvæm og hentug aðstaða til íþróttaiðkunar og hreyfingar er til staðar byggt á algildri hönnun þar sem gert er ráð fyrir öllum kynjum
- Í Reykjavík er skipulögð umgjörð, gott samstarf og stuðningur við öflugt og faglegt starf íþróttafélaga
- Keppnis- og afrekspfólk borgarinnar er framúrskarandi og veitir framtíðarkynslóðum hvatningu til íþróttaiðkunar



Borg fyrir fólk

Framtíðarsýn Græna plansins í samfélagsmálum

Markmið Reykjavíkurborgar á sviði lýðheilsu er að skapa heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt borgarsamfélag sem stuðlar að öryggi, jöfnuði, virkri þátttöku og vellíðan allra í heilsuborginni Reykjavík

3.5 Bætt lýðheilsa

- Í Reykjavík er umhverfi til að auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarbúar fá tækifæri til að búa við góða heilsu og góð lífsgæði
- Einstaklingum og fjölskyldum er gert kleift að takast á við samfélagslegar, líkamlegar og tilfinningalegar áskoranir
- Áhersla er lögð á jákvæða virkni barna sem stuðlar að vellíðan, aukinni færni og árangri
- Forvörnum sem miða að valdeflingu, virkni og trú á eigin getu og árangri er beitt á öllum æviskeiðum
- Sérstaklega er hugað að geðheilsu og andlegri líðan s.s. einmanaleika og kvíða
- Stutt er við hreyfingu með breyttum ferðavenjum, uppbyggðum útivistarsvæðum og íþróttamannvirkjum, aðlaðandi borgarrýmum og góðu aðgengi að grænum svæðum



Borg fyrir fólk

Framtíðarsýn Græna plansins í samfélagsmálum


Markmið Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og lýðræðismálum er inngilding og að íbúar hafi tækifæri til þess að vinna með borginni að bættum lífsgæðum í umhverfi sínu

3.6 Mannréttindi, aukin þátttaka og bætt samtal við íbúa

- Borgarbúum er ekki mismunað vegna uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs- og stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu
- Reykjavíkurborg hefur jafnræði borgaranna, öryggi og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi, vinnur gegn margþættri mismunun og leggur áherslu á heildstæða sýn í þágu borgarbúa
- Reykjavíkurborg hvetur til lýðræðislegrar þátttöku íbúa og styður við fjölbreyttar leiðir þeirra til að hafa áhrif á nærsamfélag sitt, ákvarðanatöku og stjórnun sveitarfélagsins
- Lýðræðisferlar eru virkir út frá hringrás lýðræðislegra vinnubragða um að hlusta, rýna, breyta og miðla þar sem reglulegt gagnvirk samtál við íbúa og hagsmunaaðila á sér stað. Þess er gætt að ná til alls konar fólks og fjölbreyttra hópa
- Aðgengi allra borgarbúa að kosningum er tryggt með góðu aðgengi og auðskildu efni
- Reykjavíkurborg vinnur að stafrænni umbreytingu sem auðveldar aðgengi að upplýsingum til allra hópa og gefur þeim rödd



Innleiðing Græna plansins





Innleiðing

Framtíðarsýn Græna plansins verður innleidd nánar á komandi misserum í nýjum og uppfærðum stefnum og aðgerðaáætlunum

Á meðal lykilverkfæra Græna plansins er fjármálastefna til 10 ára, fjárhagsáætlun til fimm ára og fjárfestingaráætlun til 10 ára

Þá verður sóknaráætlun yfir helstu áætlanir og aðgerðir í forgangi uppfærð til 1-2 ára í senn og framgangi hennar gerð skil í ársfjórðungsskýrslum Græna plansins

Græna planinu og innleiðingu þess eru gerð nánari skil á [vefsíðu](#) þess

Helstu þættir

Innleiðing Græna plansins á næstu árum felur í sér markvissa áherslu á fjárfestingu, samstarf, forgangsröðun og mælingar:

- **Fjárfestingaráætlun**
- **Stafræn umbreyting þjónustu**
- **Innlent samstarf**
- **Alþjóðlegt samstarf**
- **Mælikvarðar Græna plansins**



Innleiðing Græna plansins

Fjárfestingaráætlun til 2030 í stuttu máli

1. Á næstu 10 árum mun Reykjavíkurborg **fjárfesta 220 milljörðum í að byggja upp vaxandi græna borg fyrir fólk** undir merkjum Græna plansins sem stefnir að betra umhverfi, efnahag og samfélagi. Fyrirtæki í eigu borgarinnar munu jafnframt auka fjárfestingar sínar, einkum í grænum innviðum veitufyrirtækjanna og félagslegu húsnæði fyrir tekjulága.
2. Átak verður í uppbyggingu búsetuúrræða fatlaðs fólk og heimilislausra og eftir þörfum fjárfest í nýjum störf fyrir atvinnulausa og stuðningsúrræðum og virkni fyrir fólk á fjárhagsaðstoð.
3. Borgarlínan verður byggð upp auk **heildstæðs hjólastígakerfis** fyrir höfuðborgarsvæðið í samvinnu við ríkið og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavík vill verða **hjólaborg á heimsmælikvarða** með fjármögnun nýrrar hjóltreiddaáætlunar.
4. Allri þjónustu og afgreiðslu sem hægt er að færa á netið verður umbreytt á næstu árum með **fjárfestingu í upplýsingatækni og stafrænni umbreytingu borgarinnar**.
5. **Nýir skólar** rísa í Skerjafirði, Vogabyggð og Ártúnshöfða og leikskólaplássum verður fjölgað til að taka einnig inn 12 mánaða gömul börn. Markmiðið er að nýju hverfin í Ártúnshöfða og Skerjafirði verði **grænustu hverfi** sem risið hafa í Reykjavík.
6. **Fjárfest verður í viðhaldsframkvæmdum**. Fjárveitingar til endurnýjunar eldra skólahúsnæðis verða stórhækkaðar og borgarborgasafnið í Grófarhúsið og Listarsafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi munu ganga í endurnýjun lífdaga.
7. **Götur í öllum hverfum fá grænna yfirbragð** en áður og meiri gróður, græn svæði og almenningsgarðar verða fegraðir, ásýnd borgarinnar verður blómlegri og skógrækt verður aukin með gróðursetningu Loftslagsskóga Reykjavíkur.
8. Lýðheilsa, hreyfing og íþróttapátttaka verður eflað með **fimleikahúsum í Breiðholti og Árbæ, knattúsum í Vesturbæ og betri íþróttaaðstöðu víða um borgina**. Þrjár nýjar sundlaugar eru á tíu ára áætlun: í Úlfarsárdal, Fossvogi og í Elliðaárvogi. Laugardalslaug verður endurnýjuð frá grunni.
9. Áningastaðir og **innviðir til útivistar** verða byggðir upp í Elliðaárdal og Öskjuhlíð og sjóbaðsaðstaða á völdum stöðum við strandlengjuna. **Vetrargarður** verður byggður upp í Breiðholti og skíðasvæðin í Bláfjölum stórefld. Útivistarmöguleikar verða bættir við Rauðavatn og á Hólmsheiði þar sem einnig verða gerðar reiðleiðir.
10. Reykjavíkurborg gerir ráð fyrir að **fjárfesta í innviðum þar sem næstu 10.000 íbúðir í Reykjavík rísa**. Þær verða af öllum stærðum og gerðum, fyrir allan aldur og tekjuhópa og flestar staðsettar nálægt Borgarlínu og lifandi atvinnukjörnum.
11. **Grænt fjárfestingarátak** er eitt af lykilverkfærum Græna plansins til að flýta þróun borgarinnar í átt að kolefnishlutleysi. Áhersla er á að fjárfestingar uppfylli skilyrði fjármögnunar með grænum og samfélagslegum skuldabréfum. Markmiðið er að samhæfa fjárfestingar fyrirtækja í eigu borgarinnar við grænt fjárfestingarátak Reykjavíkurborgar.



Innleiðing Græna plansins

Stafræn umbreyting þjónustu Reykjavíkurborgar

Stafræn umbreyting er fyrst og fremst stafræn aðlögun á þeirri þjónustu sem borgin sinnir í dag.

Sérstakt átak hefur verið ræst til að hrinda þessari umbreytingu af stað sem nær til loka árs 2023. Það er risastórt verkefni sem á sér fáar hliðstæður hér á landi og nær til allra starfsstaða og starfsfólks sem brennur fyrir betri þjónustu með hjálp nútíma tækni.

Umbreyting á þjónustunni með **bættum tæknilegum innviðum, beislun gagnastrauma, sjálfvirknivæðingu ferla, aukinni hagnýtingu gagna, greiningartólum og umhverfisvænni upplýsingatæknirekstri** er liður í innleiðingu Græna plansins.

Stafræn umbreyting þjónustu felst í endurskoðun og skipulagningu út frá notendum þjónustunnar, að þeim sé mætt á þeirra forsendum. Hagnýting gagna skilar sér svo í auknu virði til borgarbúa í formi hnitmiðaðrar þjónustu, aukins gagnsæis og skilvirkari nýtingu á tíma þegar leita þarf eftir upplýsingum eða þjónustu innan borgarkerfisins.

Áherslur í stafrænni umbreytingu borgarinnar:

Nútímaleg kerfi

- Áframhaldandi þróun á upplýsingakerfum í takt við tækninýjungar og umhverfissjónarmið. Einfaldara skipulag kerfa, ferla og aukin samvirkni

Snjöll nýsköpun

- Nýjar leiðir til að leysa áskoranir í starfsemi borgarinnar. Samstarf við frumkvöðla til að undirbúa Reykjavík fyrir komandi áskoranir

Sjálfvirk stjórnsýsla

- Sjálfvirk stjórnsýsla einfaldar umsóknarferla og aðgengi að þjónustu borgarinnar. Aukin sjálfvirkni mun stuðla að minni sóun í kerfinu, hagræðingu og einföldun

Hagnýting gagna

- Hagnýting gagna er eitt af undirstöðuatriðum til að taka upplýstar ákvarðanir, hjálpar til við að bera kennsl á tækifæri til hagræðingar og verðmætasköpunar og skapa þar með grundvöll fyrir þróun og nýsköpun



Innleiðing Græna plansins

Innlent samstarf

Til þess að Græna planið nái árangri þarf að efna til samstarfs við ýmsa innlenda aðila.

Nauðsynlegt er að starfa með aðilum vinnumarkaðarins og ríkisvaldinu til að takast á við áskoranir framtíðarinnar.

Til að auka grænar samgöngur hefur verið ráðist í víðtækara samstarf en nokkru sinni fyrr við ríkið og nágrannasveitarfélögin um betri samgöngur, fjárfestingu í Borgarlínu og öðrum innviðum.

Reykjavíkurborg á hlut í nokkrum leiðandi fyrirtækjum á Íslandi sem munu beita sér fyrir grænni umbreytingu og sjálfbærni í borginni.

Við innleiðingu á almennri eigendastefnu Reykjavíkurborgar og góðum stjórnarháttum skapast forsendur til að annast tiltekna starfsemi í þágu almennings.

Samstarf Reykjavíkurborgar, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og sameiginlegra fyrirtækja þeirra er lykilþáttur í innleiðingu Græna plansins.

Reykjavíkurborg leggur megináherslu á eftirfarandi í samstarfi sínu við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og sameiginlegra fyrirtækja þeirra:

Almenningsamgöngur

- Uppbygging Borgarlínu og tengdra innviða

Orkuskipti

- Samstarf til að tryggja markviss og góð orkuskipti á næstu árum

Hringrásarhagkerfi

- Samstarf um uppbyggingu hringrásarhagkerfis, úrgangsforvarnir og endurnýtingu

Græn fjármögnun

- Samstarf um græn innkaup, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál



Innleiðing Græna plansins

Alþjóðlegt samstarf

Reykjavíkurborg mun styðja við innleiðingu Græna plansins með því að nýta þau tækifæri sem felast í þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Áhersla verður á nýja rannsóknaráætlun ESB, Horizon Europe, sem gildir 2021-2027 en hún mun ráðstafa 100 milljörðum evra til rannsókna og nýsköpunar á komandi árum með megináherslu á umhverfismál.

Þátttaka í alþjóðlegum verkefnum mun auka aðdráttarafl Reykjavíkur sem borg framfara, tækifæra og lífsgæða og efla viðnámsþrótt hennar og hæfni til að takast á við framtíðina og umbreytingar og óvissu sem henni fylgja.

Reykjavíkurborg stefnir að því að verða ein af kolefnishlutlausum og snjöllum borgum Evrópu árið 2030 og að taka þátt í samstarfi þess efnis.

Markmið Reykjavíkurborgar með þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og rannsóknaráætlun ESB:

- **Afla þekkingar á lykiláskorunum og tækifærum í sjálfbærri þróun borga**
- **Efla þátttöku og árangur Reykjavíkur í rannsókna- og nýsköpunarumhverfi Evrópu**
- **Afla rannsókna- og nýsköpunarstyrkja sem styðja við og fjármagna stefnur og áherslur Reykjavíkur og að efla Reykjavíkurborg sem borg nýsköpunar og sjálfbærni**



Innleiðing Græna plansins

Mælikvarðar Græna plansins

Til að mæla árangur Græna plansins innleiðir Reykjavíkurborg **þrjá staðla** frá alþjóðlegu samtökunum World Council on City Data (WCCD) sem mæla stöðu borga með tilliti til sjálfbærni.

Staðlarnir samanstanda hver um sig af 60-150 mælikvörðum í 17 yfirflokkum sem stýra og mæla frammistöðu borga á hverju áherslusviði fyrir sig.

Alls innihalda staðlarnir 250 mælikvarða. Hægt er að tengja hvern og einn mælikvarða við undirmarkmið Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna og er þessi vinna því góður undirbúningur fyrir innleiðingu þeirra.

- ISO 37120 um þjónustuveitingu borga og lífsgæði íbúa þeirra. Staðallinn mælir umhverfislega, efnahagslega og samfélagslega sjálfbærni borga og gerir þeim kleift að fylgjast með eigin vegferð og bera sig saman við aðrar borgir.
- ISO 37122 um snjallvæðingu borga. Staðallinn mælir árangur og þroskaferli borgarinnar sem snjallborg. Þá er m.a. átt við framvindu deili- og hringrásahagkerfisins og framsækni í nýjungagjörunum lausnum.
- ISO 37123 mælir seiglu (resilience) borga. Þá er átt við hversu vel borgir geti aðlagast og jafnað sig á þeim áföllum sem þær geta orðið fyrir af völdum náttúruhamfara og loftslagbreytinga, heimsfaraldra, netárása og fleira.



WCCD

**WORLD COUNCIL
ON CITY DATA**



1 ENGIN
FÁTÆKT



2 EKKERT
HUNGUR



3 HEILSA OG
VELLIÐAN



4 MENNTUN
FYRIR ALLA



5 JAFNRÉTTI
KYNJANNA



6 HREINT VATN OG
HREINLÆTISABSTAÐA



7 SJÁLFBÆR
ORKA



8 GÓÐ ATVINNA
OG HAGVÖXTUR



9 NÝSKÖPUN OG
UPPBYGGING



10 AUKINN
JÖFNUÐUR



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR
OG SAMFÉLÖG



12 ÁBYRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



13 AÐGERÐIR Í
LOFTSLAGSMÁLUM



14 LÍF Í
VATNI



15 LÍF Á
LANDI



16 FRÍÐUR OG
RÉTTLÆTI



17 SAMVINNA UM
MARKMIÐIN



HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun


Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Græna planið og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Framtíðarsýn og markmið Græna plansins styðja við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmiðin horfa til efnahags, samfélags og umhverfis líkt og Græna planið

Heimsmarkmið 17 leggur ríka áherslu á samstarf til að ná fram markmiðunum líkt og Græna planið gerir



Johan Rockström's „SDG Wedding Cake“



Um Græna planið (í stuttu máli)

- Borgarstjórn ákvað 2. júní 2020 að vinna langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar undir heitinu Græna planið
- Græna planið var unnið samhliða undirbúningi fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021 og fimm ára áætlunar 2021-2025
- Græna planið var unnið sem viðbragð við áhrifum af heimsfaraldri kórónaveirunnar og uppfært í ársbyrjun 2022
- Græna planið teiknar upp framtíðarsýn borgarinnar til lengri tíma og tengir lykilstefnur og verkefni borgarinnar við þá framtíðarsýn
- Græna planið snýr bæði að þróun á þjónustu og stjórnkerfi borgarinnar auk þess að draga fram forgangsörðun á fjárfestingu borgarinnar og tengdra fyrirtækja





Reykjavík

Græna planið

Heildarstefna Reykjavíkurborgar til 2030



Febrúar 2022



Heildarstefna Reykjavíkurborgar til 2030

Heildarstefna Reykjavíkurborgar til 2030





Efnisatriði

- Framtíðarsýn Græna plansins
 1. Græn borg
 2. Vaxandi borg
 3. Borg fyrir fólk
- Stafræn umbreyting og samstarf um innleiðingu Græna plansins
- Fjárfestingar 2022-2023



Græn borg



Vaxandi borg



Borg fyrir fólk



Græna planið



Græna planið

Græna planið er heildarstefna **Reykjavíkurborgar** sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn





Framtíðarsýn



Framtíðarsýn

Reykjavík er borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum, góðri þjónustu og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir

Lykilvíddir græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta

KOLEFNISHLUTLAUS BORG

Reykjavík er kolefnishlutlaus, blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg

GRÆNN VÖXTUR

Í Reykjavík er kraftmikið, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsóknar og athafna

REYKJAVÍK OKKAR ALLRA

Reykvískt samfélag er byggt á réttlæti, sanngirni og þátttöku barna og fullorðinna. Borgarbúar lifa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigin líf og annarra. Með því að hlusta, miðla, rýna og þróa er stuðlað að inngildingu þar sem engin er skilin eftir



Sóknaráætlun 2022-2023

Sóknaráætlun Græna plansins 2022-2023 er sett fram í þeim tilgangi að tengja framtíðarsýn borgarinnar við lykilstefnur, áætlanir og fjárfestingar borgarinnar árin 2022-2023


Framgangi sóknaráætlunar verður gerð skil í ársfjórðungsskýrslum um innleiðingu Græna plansins

Græna planinu og innleiðingu þess eru gerð nánari skil á vefsíðu þess



66 milljarðar í grænni vaxandi borg fyrir alla

Fjárfestingar Reykjavíkurborgar 2022-2023



Árin 2022-2023 mun
Reykjavíkurborg fjárfesta 66
milljörðum í að byggja upp
Vaxandi, græna borg fyrir fólkið



Græn borg



Græn borg

Framtíðarsýn Græna plansins í umhverfis- og loftslagsmálum

1. KOLEFNIS- HLUTLAUS BORG

Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040

Aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum í Reykjavík 2022-2023

1. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda
2. Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða
3. Borgin aðlöguð að áhrifum loftslagsbreytinga
4. Bætt aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum
5. Vistvænar samgöngur



Græn borg

Framtíðarsýn Græna plansins í umhverfis- og loftslagsmálum

1. KOLEFNIS- HLUTLAUS BORG

Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040

Tenging við stefnur:



1. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda
2. Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða
3. Borgin aðlöguð að áhrifum loftslagsbreytinga
4. Bætt aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum
5. Vistvænar samgöngur

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
Umhverfis- og auðlindastefna
Loftslagsáætlun
Stefna um líffræðilega fjölbreytni
Hjólreiðaáætlun
Bíla -og hjólastæðastefna
Umferðaröryggisáætlun
Samferða Reykjavík
Samgöngusáttmáli
Matarstefna



Græn borg

Aðgerðir Græna plansins í umhverfis- og loftslagsmálum 2022-2023

Markmið Reykjavíkurborgar er að verða kolefnishlutlaus fyrir árið 2040 og að aðlögun að loftslagsbreytingum verði með vistvænum og mannvænum hætti

1.1 Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda

Stefnur Reykjavíkurborgar á sviði umhverfis- og skipulagsmála fela í sér markvissar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í Reykjavík. Á meðal helstu aðgerða sem koma til framkvæmda árin 2022-2023 eru:

Orkuskipti:

- Uppbygging hleðslustöðva og orkuskiptaverkefni vegna samgangna halda áfram
- Rekstur Reykjavíkurborgar: Endurnýjun tækjakosts – sorpbifreiðar, rafmagnsbifreiðar og ýmis tæki
- LED væðing ljósastaura heldur áfram

Hringrásarhagkerfið:

- Innleiðing á samræmdri flokkun og hirðu á lífrænum eldhúsúrgangi, pappír/pappa, plasti og blönduðu sorpi við heimili og söfnun á textíl, gleri, málmum og skilagjaldsumbúðum á grenndarstöðvum
- Áframhaldandi áttak í að koma öllum starfstöðum borgarinnar í verkefnið Græn skref sem er aðgerðamiðað umhverfisstjórnunarkerfi

Vistvæn mannvirkjagerð:

- Unnið að BREEAM vottun bygginga Reykjavíkurborgar:
 - Úlfarsárdalur (Dalskóli, leikskóli, menningarhús, bókasafn, sundlaug og íþróttamannvirki Fram)
 - Sundhöll Reykjavíkur (viðbygging)
 - Fiskislóð 37c, Kleppsvegur 150-152
 - Miðborgarleikskóli, Funaborg (skógarhús og viðbygging),
 - Náttúru- og fræðsluhús í Fjölskyldu og húsdýragarðinum
 - Grófarhús
- Innleiðing krafna um vistvæn umhverfismerki í þjónustuútboðum
- Innleiðing líftímakostnaðargreininga (LCC) og vistferilsgreininga (LCA) við ákvarðanatökur á hönnunarstigi bygginga
- Aukin upplýsingagjöf verktaka við framkvæmdir um eldsneytisnotkun og úrgangsmýndun

Gönguvæn borg:

- Áfram unnið að því að auka hlutfall gangandi, hjólandi og almenningssamgangna í ferðum fólks innan borgarinnar
- Gerð hverfisskipulags fyrir Hlíðar, Háaleiti, Bústaði, Grafarvog og Kjalarnes
- Hafin vinna við gerð hverfisskipulags fyrir Laugardal og Vesturbæ
- Áformað að ljúka við formlegt auglýsinga- og kynningarferli fyrir hverfisskipulagsáætlanir fyrir Háaleiti, Bústaði og Hlíðar, Grafarvog og Kjalarnes
- Önnur skipulagsverkefni:
 - þróunaráætlun fyrir skipulag í og við Ármúla og Síðumúla
 - deiliskipulagsgerð fyrir Kringlusvæði, í Hátúni, Vogabyggð og á fjölmörgum þéttingarreitum í öllum hverfum borgarinnar
 - grænar þróunarlóðir
- Endurhönnun göturýma, torga og göngugatna í miðborginni
- Útfærsla varanlegra göngugatna í miðborginni
- Forhönnun göturýma og torga við Borgarlínu ásamt leiðbeiningum um jaðarsvæði 1. lotu Borgarlínu
- Innleiðing nýrra gjaldsvæða bílastæða í borgarlandi Reykjavíkur

Sjá m.a. [aðalskipulag Reykjavíkur](#) og [loftlagsáætlun](#) fyrir nánari upplýsingar og umfjöllun um stefnur á sviði umhverfis- og skipulagsmála á: www.reykjavik.is/stefnur



Græn borg

Aðgerðir Græna plansins í umhverfis- og loftslagsmálum 2022-2023

Markmið Reykjavíkurborgar um eflingu kolefnisbindingar og grænna svæða til 2030 fela í sér aukna ræktun, nýtingu sem og samtengingu milli grænna svæða

1.2 Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða

Stefnur Reykjavíkurborgar á sviði umhverfis- og skipulagsmála fela í sér markvissar aðgerðir til að auka kolefnisbindingu og efla græn svæði í Reykjavík. Á meðal helstu aðgerða sem koma til framkvæmda árin 2022-2023 eru:

Skógrækt - Loftslagsskógar Reykjavíkur

- Vottun loftslagsverkefna í Úlfarsfelli
- Skógræktaráætlun fyrir Geldingarnes og Norðurgröf
- Grisjunar- og gróðursetningaráætlun á Austurheiðum ásamt eldvarnaráætlun
- Aukin þátttaka almennings, skóla, stofnana og fyrirtækja í skógrækt í samvinnu við Reykjavíkurborg og Skógræktarfélag Reykjavíkur

Gróðursetning í borgarlandinu

- Endurskipulagning ræktunarstöðvar Reykjavíkurborgar
- Endurnýjun á búnaði ræktunarstöðvar Reykjavíkurborgar
- Leiðbeiningar um val á gróðri fyrir landslagshönnuði og gróðursetningu í borgarlandinu
- Gróðursetningar í borgarlandinu skv. áætlun um Græna netið

Friðlýsing svæða og endurheimt votlendis

- Unnið verður að friðlýsingu svæða í Grafarvogi, Blikastaðakró og Skerjafirði í samvinnu við Umhverfisstofnun
- Áframhaldandi aðgerðir við endurheimt votlendis

Sjá m.a. [aðalskipulag Reykjavíkur](#) og [loftlagsáætlun](#) fyrir nánari upplýsingar og umfjöllun um stefnur á sviði umhverfis- og skipulagsmála á: www.reykjavik.is/stefnur



Græn borg

Aðgerðir Græna plansins í umhverfis- og loftslagsmálum 2022-2023

Markmið Reykjavíkurborgar um aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga til 2030 felast bæði í að vinna gegn loftslagsbreytingum og í aðlögun að þeim

1.3 Borgin aðlöguð að áhrifum loftslagsbreytinga

Stefnur Reykjavíkurborgar á sviði umhverfis- og skipulagsmála fela í sér markvissar aðgerðir til að aðlaga borgina að áhrifum loftslagsbreytinga. Á meðal helstu aðgerða sem koma til framkvæmda árin 2022-2023 eru:

- Sjóvarnir vegna hækkandi sjávarmáls við Sæbraut verða efldar auk þess sem gerð verður aðgerðaáætlun vegna flóðavarna
- Áfram verður unnið að innleiðingu blágrænna og blárra ofanvatnslausna við skipulag og endurhönnun byggðar
- Áfram verður unnið að markmiðum aðgerðaáætlunar um líffræðilegan fjölbreytileika m.a. vöktun og náttúrufarsúttektir
- Unnin verður áætlun um forgangsröðun við að hefta framgang ágengra tegunda

Sjá m.a. aðalskipulag Reykjavíkur, stefnu um líffræðilegan fjölbreytileika og loftlagsáætlun fyrir nánari upplýsingar og umfjöllun um stefnur á sviði umhverfis- og skipulagsmála á: www.reykjavik.is/stefnur



Græn borg

Aðgerðir Græna plansins í umhverfis- og loftslagsmálum 2022-2023

Markmið Reykjavíkurborgar til að bæta aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum til 2030 felast í áherslu á lýðheilsusjónarmið og auknum borgarbúskapi

1.4 Bætt aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum

Stefnur Reykjavíkurborgar á sviði umhverfis- og skipulagsmála fela í sér markvissar aðgerðir til að bæta aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum. Á meðal helstu aðgerða sem koma til framkvæmda árin 2022-2023 eru:

- Áfram verður reglubundið og lögboðið eftirlit á neysluvatni, vatnsgæði sjávar og ferskvatns, loftgæða og hávaða
- Áformað er að ráðast í heildarmat á stefnu aðalskipulagsins varðandi útivistarsvæði, verndarsvæði, landbúnaðarsvæði og almenna landnotkun á Kjalarnesi á tímabilinu
- Mikil uppbygging verður á grænum svæðum innan og í jaðri borgarinnar. Helstu verkefni verða í Öskjuhlíð og Austurheiðum auk fjölda smærri verkefna
- Framkvæmdir við menningarmiðstöð, sundlaugar og íþróttamannvirki í Úlfarsárdal eru áfram í fullum gangi
- Lykilútboð á verkefnum í grasslætti, hreinsun og vetrarþjónustu verða gerð á tímabilinu
- Haldið verður áfram að skoða rekstrarform almenningsalerna samhliða uppbyggingu þeirra, ef fjármagn fæst í verkefnið
- Innleiðing forgangsáætlunar matarstefnu

Sjá m.a. [aðalskipulag Reykjavíkur](#) og [umhverfis- og auðlindastefnu](#) fyrir nánari upplýsingar auk umfjöllunar um stefnur á sviði umhverfis- og skipulagsmála á: www.reykjavik.is/stefnur



Græn borg

Aðgerðir Græna plansins í umhverfis- og loftslagsmálum 2022-2023

Markmið Reykjavíkurborgar í fjárfestingu í samgönguinnviðum til 2030 er að hún verði á grænum og fjölbreyttum forsendum

1.5 Vistvænar samgöngur

Skipulag fyrir vistvænar samgöngur

- Skipulagsgerð í Elliðaárvogi, Ártúnshöfða, Gufunesi, Skerjafirði og á Keldum í samstarfi við Betri samgöngur
- Skipulagsgerð fyrir Sæbraut og Miklubraut í stokk

Almenningssamgöngur

- Undirbúningur nýs kerfis almenningssamgangna, Borgarlínu, heldur áfram í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og ríkið
- Tillaga að endurskoðun á leiðakerfi Strætó, með hliðsjón af Borgarlínu, verður unnin áfram og aðgerðir til að bæta aðgengi allra að biðstöðvum strætó undirbúnar
- Framkvæmdir hefjast við endurskoðun Hlemmsvæðisins árið 2022

Hjólreiðar og hjólreiðastígar

- Innleiðing Hjólreiðaáætlunar 2021-2025
- Áhersla á ýmsar „mýkri“ aðgerðir til viðbótar við lagningu hjólreiðastíga
- Sérstök áhersla verður á að koma upp öruggum hjóla- og hlaupahjólástæðum við grunnskóla borgarinnar

Umferðarstýring og umferðaröryggi

- Innleiðing umferðaröryggisáætlunar
- greining og undirbúningur úrbóta á umferðarflæði á stofnvegum innan borgarinnar í samvinnu við Vegagerðina
- Bætt umferðarljósastýring m.a. í samstarfi við samstarfshóp sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar um umferðarljósastýringar

Sjá m.a. [aðalskipulag Reykjavíkur](#), [hjólreiðaáætlun](#), [umferðaröryggisáætlun](#) og [Samferða Reykjavík](#) fyrir nánari upplýsingar auk umfjöllunar um stefnur á sviði umhverfis- og skipulagsmála á: www.reykjavik.is/stefnur



Fjórir milljarðar í umhverfismál og græn svæði

Fjöldi fjárfestingarverkefna fyrir alls **3,6 m.a.** sem snúa að grænni og umhverfisvænni borg verða á dagskrá árin 2022-2023

Á meðal helstu verkefna er LED væðing ljósastaura (**1,2 m.a. kr.**), uppbygging Grenndarstöðva (**240 milljónir**) og uppbygging hleðslustöðva og orkuskiptaverkefni (150 milljónir)

Aðlögun vegna loftslagsbreytinga fela í sér sjóvarnir vegna hækkandi sjávarmáls við Sæbraut (**300 milljónir**) og aðgerðaáætlun vegna flóðavarna (100 milljónir)

Mikil uppbygging verður á grænum svæðum innan og í jaðri borgarinnar. Helstu verkefni ársins verða í Öskjuhlíð (**200 milljónir**) og Austurheiðar (**200 milljónir**) auk fjölda smærri verkefna. Þá verður ráðist í endurheimt votlendis til að vernda líffræðilega fjölbreytni (60 milljónir)

Tækjakostur verður endurnýjaður – sorpbifreiðar og ýmis tæki umhverfis- og skipulagssviðs (525 milljónir) og rafmagnsbifreiðar keyptar (160 milljónir)



Átta milljarðar í grænni samgöngur

Fjárfestingar í samgönguinnviðum 2022-2023

7,8 m.a. kr. í grænni samgöngur

1,4 m.a. kr. í gatnakerfið

1,2 m.a. kr. í Samgöngusáttmála

Hjólástígar 1,1 m.a. kr.

Göngustíga innan hverfa 600 milljónir

Umferðaröryggi 500 milljónir

Helstu borgargötur: Nauthólsvegur (400 milljónir),
Gufunesvegur (200 milljónir) og Vesturlandsvegur
(160 milljónir)

Bætt götulýsing 300 milljónir

Endurnýjun og bætt aðgengi að biðstöðvum Strætó
300 milljónir



Vaxandi borg



Vaxandi borg

Framtíðarsýn Græna plansins í
efnahagsmálum

2. GRÆNN VÖXTUR

Í Reykjavík er kraftmikið,
samkeppnishæft
borgarsamfélag og frjósamur
jarðvegur fyrir skapandi
hugmyndir sem laðar fólk að
til búsetu, heimsóknar og
athafna

Aðgerðir í fjármálum, uppbyggingu og atvinnumálum í Reykjavík 2022-2023

1. Ábyrg fjármálastjórnun
2. Þétt og blönduð byggð
3. Ný atvinnutækifæri framtíðar
4. Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun




Vaxandi borg

Framtíðarsýn Græna plansins í
efnahagsmálum

2. GRÆNN VÖXTUR

Í Reykjavík er kraftmikið,
samkeppnishæft
borgarsamfélag og frjósamur
jarðvegur fyrir skapandi
hugmyndir sem laðar fólk að
til búsetu, heimsóknar og
athafna

Tenging við stefnur:



1. Ábyrg fjármálastjórnun
2. Þétt og blönduð byggð
3. Ný atvinnutækifæri framtíðar
4. Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun

Fjármálastefna

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Húsnæðisáætlun

Atvinnu- og nýsköpunarstefna

Alþjóðastefna

Stefna í málefnum miðborgar

Ferðamálastefna



Vaxandi borg

Aðgerðir Græna plansins í
efnahagsmálum 2022-2023

Markmið Reykjavíkurborgar í
fjármálum til 2030 er ábyrg
fjármálastjórnun sem byggir á
grunnildum fjármálastefnu
Reykjavíkurborgar um
sjálfbærni, varfærni,
stöðugleika, festu,
fyrirsjáanleika og gagnsæi

2.1 Ábyrg fjármálastjórnun

Aðgerðaáætlun í fjármálum var samþykkt samhliða fjármálastefnu Reykjavíkurborgar og fjárhags- og fimm ára áætlunar í borgarstjórn þann 15. desember 2020. Aðgerðaáætlunin er lögð fram til að tryggja að markmiðum fjármálastefnu verði náð. Hún er í 8 liðum og ná aðgerðirnar bæði til lækkunar útgjalda og aukningu tekna:

- Ná fram 1% hagræðingu á ári á launakostnað í gegnum aðhaldsaðgerðir og stafræna umbreytingu
- Einungis verði verðbættar samningsbundnar skuldbindingar og hagræðingu náð í rekstri með miðlægum innkaupum og aðhaldsaðgerðum
- Haldið verði áfram með vinnumarkaðsaðgerðir fram eftir árinu 2022 með það að markmiði að skapa störf fyrir einstaklinga sem eru á fjárhagsaðstoð eða atvinnuleysisbótum
- Stuðlað verði að bættri nýting húsnæðis með aukinni samnýtingu
- Tryggja óhindrað framboð íbúða og húsnæðis með skipulegri þróun nýrra hverfa sem laðar að íbúa og eflir tekjustofna
- Leitað verði samninga við ríkið um leiðréttingu á framlögum vegna lögbundinna verkefna, einkum vegna þjónustu við fatlað fólk
- Fjármagnsskipan fyrirtækja borgarinnar verði endurskoðuð
- Farið verði í aðgerðir til að bæta skattskil m.a. í samstarfi við ríkið

Í fjármálastefnu Reykjavíkurborgar eru sett fram eftirtalin markmiða sem aðgerðir næstu ára í fjármálum taka mið af:

- Árin 2021-2025 verði halli á rekstri ekki umfram 10% af tekjum á hverju ári
- Veltufé frá rekstri dugi a.m.k. fyrir afborgunum langtímalána, leiguskuldbindinga og lífeyrisframlagi árið 2025
- Frá og með árinu 2026 er markmið um að veltufé frá rekstri verði 20% umfram afborganir langtímalána og endurgreiðslu lífeyrisskuldbindinga

Til viðbótar við markmiðin í fjármálastefnu er sett fram eftirfarandi markmið um handbært fé

- Í fimm ára áætlun er miðað við 7 ma.kr. sem lágmarksstöðu handbærs fjár

Nánari umfjöllun um aðgerðaáætlun í fjármálum má finna í greinargerð með fjárhagsáætlun 2022-2026 (bls. 12) og um fjármálastefnuna má finna undir fjármál á: www.reykjavik.is/stefnur



Vaxandi borg

Aðgerðir Græna plansins í
efnahagsmálum 2022-2023

Markmið
Reykjavíkurborgar í
íbúðauppbyggingu er að
byggðar verði 1.000-1.500
nýjar íbúðir á ári til 2030
í þéttri, blandaðri byggð
með sjálfbærni hverfa að
leiðarljósi

2.2 Þétt og blönduð byggð

Stefna Reykjavíkurborgar um gott borgarumhverfi endurspeglast í markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur 2040 þar sem lögð er áhersla á þetta blandaða byggð. Stefnan er innleidd í samkvæmt húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar:

- 2-3.000 nýjar íbúðir munu rísa í Reykjavík á næstu tveimur árum; allar á þéttingarreitum sem auka sjálfbærni hverfa og nýta betur innviði borgarinnar
- 50-60% nýrra íbúða á komandi 2 árum munu rísa innan áhrifasvæðis Borgarlínu, en 10 ára markmiðið er 80%
- 23% af nýjum íbúðum á þéttingarreitum verða á vegum húsnæðisfélaga miðað við 25% markmið til 10 ára
- Lykiluppbyggingarsvæðin eru: Ártúnshöfði, Héðinsreitur, Skerjafjörður, Vogabyggð, Úlfarsárdalur, þróunarsvæði meðfram Borgarlínu og þéttingarreitir út frá hverfisskipulagi

Nánari umfjöllun um húsnæðis- og skipulagsmál má finna undir húsnæðis-, atvinnu- og nýsköpunarmál á: www.reykjavik.is/stefnur og á www.reykjavik.is/adalskipulag



Vaxandi borg

Aðgerðir Græna plansins í
efnahagsmálum 2022-2023

Markmið
Reykjavíkurborgar í þróun
atvinnutækifæra til 2030 er
að hún verði á forsendum
þekkingar, nýsköpunar og
sjálfbærni til framtíðar

2.3 Ný atvinnutækifæri framtíðar

Stefna Reykjavíkurborgar varðandi gott umhverfi atvinnulífs byggir á atvinnustefnu Reykjavíkurborgar Skapandi borg, en vinna stendur yfir við nýja atvinnu- og nýsköpunarstefnu sem mun koma í hennar stað. Áherslur í stefnudrögum eru eftirfarandi: 1. Sameiginlegur skilningur, 2. Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar, 3. fleiri stoðir verðmætasköpunar, 4. segjum sögur úr borginni, 5. grænn vöxtur og 6. engin skilin eftir.

- Lokið verður við mótun á nýrri atvinnu- og nýsköpunarstefnu
- Stofnaður verður faghópur um nýsköpun sem mun miðla upplýsingum um nýsköpun innan borgarinnar
- Reglulega verður fundað með athafnafólki í borginni
- Þjónustu borgarinnar, þ.m.t. við atvinnulífið verður kortlögð og lykilferlar til stafrænnar umbreytingar forgangsraðað
- Unnar verða starfsáætlanir fyrir nýsköpunar- og þekkingarkjarna í Vatnsmýri, Gufunesi, miðborg og mögulega nýja kjarna
- Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að því að unnin verði með öðrum haghöfum úttekt á vistkerfi nýsköpunar (e. Innovation ecosystem) á höfuðborgarsvæðinu
- Unnin verður áætlun um áherslur Reykjavíkurborgar í alþjóðlegu þekkingarsamstarfi með fókus á Horizon áætlun Evrópusambandsins
- Borgin fari af stað með öðrum haghöfum í greiningu á framtíðarhæfnipáttum sem þarf í Reykjavík til að styðja við samkeppnishæfni borgarinnar



Vaxandi borg

Aðgerðir Græna plansins í
efnahagsmálum 2022-2023

Markmið Reykjavíkurborgar í
þróun nýrra athafnasvæða
fyrir atvinnulíf til 2030 eru góð
landnýting, fjölbreytt
atvinnulíf og athafnasvæði
fyrir allar tegundir fyrirtækja af
öllum stærðum

2.4 Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun

Stefna Reykjavíkurborgar um gott umhverfi atvinnulífs endurspeglast í markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur 2040. Stefnan er innleidd í samkvæmt nýrri innviðaaáætlun sem verður unnin með sambærilegum hætti og húsnæðisáætlun.

- Aðgerðaáætlun um uppbyggingu innviða og þróun lóða undir atvinnuhúsnæði hjá Reykjavíkurborg og tengdum fyrirtækjum verður unnin til 10 ára. Áætlunin verður systuráætlun húsnæðisáætlunar og fjallar með svipuðum hætti um innleiðingu aðalskipulags
- Nýjar lóðir verða gerðar byggingarhæfar og settar á sölu við Esjumela. Nýtt deiliskipulag verður unnið fyrir Hólmsheiði og uppbyggingaráætlun unnin varðandi úthlutun
- Ákveðnir þéttingarreitir verða þróaðir undir atvinnustarfsemi og settir í söluferli
- Nýtt markaðsefni verður útbúið sem sýnir tækifæri og möguleika til uppbyggingar tengt hverfisskipulagi og borgarlínu
- Unnið verður með lykilsamstarfsaðilum að alþjóðlegri markaðssetningu á tækifærum í borginni á lykilsviðum (t.d. Vísindaporp, Græn nýsköpun og bláa hagkerfið)



Átta milljarðar í kraftmikla uppbyggingu um alla borg

- Fjárfestingar 2022-2023

5 m.a. kr. í græn íbúðahverfi

Stærstu verkefni:

Ártúnshöfði, Vogabyggð, Skerjafjörður, Bryggjuhverfi, Úlfarsárdalur, Veðurstofureitur og Hlíðarendi.

2,85 m.a. kr. í athafnasvæði.

Þar af **1,8 m.a. kr.** í verkefni í miðborginni, **250 milljónir** í Gufunes og **570 milljónir** í Vísindaporpið í Vatnsmýri.





Borg fyrir fólk



Borg fyrir fólk

Framtíðarsýn Græna plansins í samfélagsmálum

3. REYKJAVÍK OKKAR ALLRA

Reykvískt samfélag er byggt á réttlæti, sanngirni og þátttöku barna og fullorðinna. Borgarbúar lifa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigin líf og annarra. Með því að hlusta, miðla, rýna og þróa er stuðlað að inngildingu þar sem engin er skilin eftir

Aðgerðir í samfélagsmálum í Reykjavík 2022-2023

1. Fyrir okkur öll
2. Látum draumana rætast
3. Menning og listir verða samofin borgarlífinu
4. Íþróttir fyrir alla
5. Bætt lýðheilsa
6. Aukin þátttaka og bætt samtal við íbúa



Borg fyrir fólk

Framtíðarsýn Græna plansins í samfélagsmálum

3. REYKJAVÍK OKKAR ALLRA

Reykvískt samfélag er byggt á réttlæti, sanngirni og þátttöku barna og fullorðinna. Borgarbúar lifa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigin líf og annarra. Með því að hlusta, miðla, rýna og þróa er stuðlað að inngildingum þar sem engin er skilin eftir

Tenging við stefnur:



1. Fyrir okkur öll
2. Látum draumana rætast
3. Menning og listir verða samofin borgarlífinu
4. Íþróttir fyrir alla
5. Bætt lýðheilsa
6. Aukin þátttaka og bætt samtal við íbúa

Velferðarstefna

Menntastefna

Stefna um frístundþjónustu

Menningarstefna

Íþróttastefna

Lýðheilsustefna

Matarstefna

Mannréttindastefna

Lýðræðisstefna

Þjónustustefna

Stefna í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd



Borg fyrir fólk

Aðgerðir Græna plansins í samfélagsmálum 2022-2023

Markmið Reykjavíkurborgar er að veita velferðarþjónustu sem stuðlar að góðri líðan íbúa og við upplifum að Reykjavík sé fyrir okkur öll

Velferðarstefna Reykjavíkurborgar er rammi utan um metnaðarfulla velferðarþjónustu sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að því að allir Reykvíkingar eigi kost á að lifa með reisn

3.1 Fyrir okkur öll

Velferðarstefna Reykjavíkurborgar „Reykjavík fyrir okkur öll“ 2021- 2030 var samþykkt ásamt aðgerðaáætlun 2021-2025 í borgarstjórn Reykjavíkur þann 15. júní 2021.

Aðgerðir stefnunnar sem koma til framkvæmda árin 2022-2023 eru 27 talsins. Á meðal þeirra helstu eru:

Engin tvö eru eins – Aðgerðir:

- Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk með áherslu á notendamiðaða hönnun, menningarnæmi og þjónustumenningu

Nálægð og aðgengileiki – Aðgerðir:

- Rafræn þjónustumiðstöð sett á laggirnar og verður fyrsti áfangastaður allra notenda velferðarþjónustu

Þjónustulipurð og skilvirkni - Aðgerðir:

- Betri borg fyrir börn yfirfært á öll fjögur þjónustusvæði borgarinnar. Markmiðið er að bæta þjónustu við börn, ungmenni
- Skipurit þjónustumiðstöðva samræmd milli hverfa og með áherslu á lágþröskulda þjónustu
- Sérhæfð teymi sett á laggirnar í veigamiklum málaflokkum. Teymin tryggir samræmingu í þjónustuveitingu og samvinnu milli sviða, stofnana og hagsmunaaðila sem koma að þjónustu við tiltekna hópa
- Skilgreina og gera greiningar á ólíkum samfélagshópum í þjónustu velferðarsviðs á hverjum tíma m.t.t. lýðfræði, tölfræðigagna og annarra þátta

Virðing og umhyggja – Aðgerðir:

- Auka valkosti innan virkni- og endurhæfingarúrræða
- Fjölga vinnustöðum sem taka þátt í atvinnu- og virknimiðlun

Frumkvæði og forvarnir - Aðgerðir

- Skilgreina og koma á lágþröskulda þjónustu við börn og fjölskyldur til samræmis við stefnu ríkisins um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
- Endurnýja stefnu í forvarnarmálum
- Endurskoða verklag velferðarsviðs með það að markmiði að starfsfólk verði veitt rýmra umboð til athafna í störfum sínum
- Gera reglulegar spár um þróun samfélagshópa og meta þannig þörf fyrir þjónustu velferðarsviðs og gera langtíma kostnaðaráætlanir

Samtal og samráð – Aðgerðir:

- Kortleggja hagsmunahópa og útbúa verkferil þar sem samráð við þá er skilgreint
- Skilgreina þjónustu þætti sem verða mældir reglubundið með þjónustukönnunum meðal notenda

Fagmennska og framsýni – Aðgerðir

- Endurskoða ráðningarferli, starfsauglýsingar og hæfnis-kröfur nýs starfsfólks með það að markmiði að starfsfólk velferðarsviðs endurspegli fjölbreytni samfélagsins

Nánari umfjöllun um velferðarstefnuna og aðgerðaáætlun hennar má finna á: www.reykjavik.is/velferdarstefna



Borg fyrir fólk

Aðgerðir Græna plansins í samfélagsmálum 2022-2023

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag

Menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur okkur til að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum umhverfis, samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun

3.2 Látum draumana rætast

Menntastefna Reykjavíkur til 2030 var samþykkt í borgarstjórn árið 2018 og er í innleiðingu. Rík áhersla er lögð á að fagfólk á vettvangi útfæri stefnuna miðað við aðstæður á hverjum stað, í náinni samvinnu sín á milli, við aðra fagaðila og síðast en ekki síst með virkri þátttöku barna og unglinga. Stutt er við innleiðinguna í öllum leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og skólahljómsveitum með árlegum þróunar- og nýsköpunarstýrkjum.

Samhliða er unnið að innleiðingu almennra aðgerða til þriggja ára í senn. Almennar aðgerðir sem koma til framkvæmda árin 2022-2024 eru tíu talsins og hver og ein með fjóra til tíu aðgerðapætti. Hér er yfirlit yfir aðgerðirnar og nokkra undirpætti:

1. Loftlagsmál og umhverfi

- Vitundarvakning - Fræðsla og ráðgjöf til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi
- Draga úr kolefnisspori - Innleiðing grænskjáa í grunnskólum

2. Hagnýting starfrænnar tækni

- Aukið aðgengi að framsæknum búnaði fyrir börn og starfsfólk

3. Heilbrigði og vellíðan

- Heilsueflandi skóla- og frístundastarf
- Forvarnarteymi um kynbundið- og kynferðislegt ofbeldi

4. Sjálfsefning, félagsfærni og lýðræði

- Virkt barna- og unglingalýðræði
- Vegvísir um eflingu félagsfærni og félagstengsla

5. Markviss menntun fyrir öll börn

- Innleiðing farsældarlaga og *Betri borg fyrir börn* í alla borgarhluta

6. Menningarlegur margbreytileiki

- Auka menningarnæmi og menningarlæsi og vinna gegn fordómum og jaðarsetningu

7. Nýsköpun og framsækni í námi og leik

- Aukið framboð símenntunar á sviði framsækinnar kennslu og starfshátta, skapandi skila, miðlunar og námsmats

8. Læsi í víðu samhengi

- Stuðningur við nýkomin fjöltyngd börn með aðferðum frístundalæsis

9. Faglegt samstarf og starfsþróun

- Samstarf við fræðasamfélagið um starfsþróun, nýsköpun og rannsóknir

10. Húsnæði og búnaður

- Unnið á grundvelli nýrrar stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Nánari umfjöllun um menntastefnuna og innleiðinguna má finna á: <https://menntastefna.is>



Borg fyrir fólk

Aðgerðir Græna plansins í samfélagsmálum 2022-2023

Markmið Reykjavíkurborgar er að allir borgarbúar hafi jöfn tækifæri til þess að taka þátt í og njóta menningar og lista

3.3 Menning og listir verði samofin borgarlífinu

Menningarstefna Reykjavíkurborgar „List og menning í Reykjavík 2030“ var samþykkt ásamt aðgerðaáætlun 2021-2030 í borgarstjórn Reykjavíkur þann 16. nóvember 2021. Innleiðing stefnunnar fer fram í náinni samvinnu við menningarstofnanir borgarinnar, fagfólk í listum og samráð við grasrótina.

Aðgerðir stefnunnar eru 55 og hefjast 37 þeirra á árunum 2022-2023. Aðgerðaráætlun er gerð til tveggja ára í senn og eru aðgerðir flokkaðar niður eftir þremur megin áherslum menningarstefnunnar. Næstu tvö árin verður áhersla á innleiðingu stefnunnar og þessar stóru línur sem dregnar eru upp hér.:

Ævilöng inngilding og aðgengi borgabúa að menningu og listum

1. Reykjavíkurborg gerir öllum íbúum kleift að njóta lista og menningar á öllum æviskeiðum
2. Fjölbreyttar menningarstofnanir borgarinnar gegna lykilhlutverki í framkvæmd menningarstefnu.
3. Menningarlíf Reykjavíkur endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins.
4. Menning og listir í Reykjavíkurborg eru inngildandi og aðgengilegar öllum.

Reykjavík - borg sem listafólk þykir gott að búa og starfa í

1. Listin er frjáls og auðgar líf okkar allra.
2. Listin er mikilvæg atvinnugrein í Reykjavíkurborg.
3. Reykjavíkurborg er alþjóðleg borg lista.

Menning og listir í öllum hverfum borgarinnar

1. Menning, listir, hönnun og arkitektur auka lífsgæði borgarbúa og eru lykilþættir borgarþróunar.
2. Reykjavíkurborg styður við staðbundna hverfamenningu sem íbúar hafa frumkvæði að.
3. Menning og listir eru mikilvægur hluti af grænum áherslum borgarinnar.

Nánari umfjöllun um menningarstefnuna og aðgerðaáætlun hennar má finna á vef Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/stefnur



Borg fyrir fólk

Aðgerðir Græna plansins í samfélagsmálum 2022-2023

Markmið Reykjavíkurborgar á sviði íþróttamála er að flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu

3.4 Íþróttir fyrir alla

Á fundi borgarstjórnar 21. apríl 2020 var samþykkt stefna í íþróttamálum í Reykjavík til ársins 2030 sem var mótuð á breiðum grunni með aðkomu fjölda hagsmunaaðila. Aðgerðir stefnunnar til næstu ára byggja á fimm stefnuáherslum sem varða leiðina að framtíðarsýn Reykjavíkur í íþróttamálum:

1. Íþróttir, líkamsrækt og hreyfing er fyrir alla á öllum æviskeiðum: Markmiðið er að lágmarki 70% íbúa stundi rösklega hreyfingu í 30 mínútur eða meira að lágmarki þrisvar í viku.
2. Öll börn og unglingar hafi tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi: Markmiðið er að hlutfall barna og unglinga sem stunda íþróttir og hreyfingu í skipulögðu starfi verði að minnsta kosti 70%.
3. Framúrskarandi keppnis- og afreksfólk, sem veitir framtíðarkynslóðum hvatningu til íþróttaiðkunnar: Markmiðið er að meirihluti íslenskra þátttakenda á stórmótum komi frá reykvískum félögum. Að lágmarki 40% félaga í efstu deild verði reykvísk (hópíþróttir)
4. Uppbygging og rekstur hagkvæmrar aðstöðu til íþróttaiðkunar og hreyfingar, sem hentar vel þörfum hverju sinni: Markmiðið er að tímanýting íþróttahúsa á tímanum 8-22 á virkum dögum verði að minnsta kosti 70%.
5. Skipulögð umgjörð, gott samstarf og stuðningur við öflugt og faglegt starf íþróttafélaga: Markmiðið er að lágmarki 90% íþróttafélaga sem eru með barna og unglingastarf séu fyrirmyndafélög ÍSÍ

Áætlun fjárfestinga í íþróttamálum á næstu árum

Helstu aðgerðir til framkvæmda 2022-2023

- Nýtt íþróttahús í Laugardal
- Endurbætur Laugardalslaugar
- Uppbygging í Bláfjöllum og Skálafelli
- Íþróttamiðstöð FRAM í Úlfarsárdal
- Vísinda- og upplifunarsafn í Fjölskyldugarðinum í Laugardal
- Íþróttahús í Mjódd

Helstu aðgerðir sem fara í undirbúning 2022-2023

- Dans- og fimleikahús í Breiðholti
- Endurnýjun gervigrasvalla
- Fjölnota knattús KR
- Endurnýjun í Sundhöllinni
- Ný sundlaug í Fossvogi
- Vetrargarður í Breiðholti

Nánari umfjöllun um íþróttastefnu Reykjavíkur til 2030 má finna á: www.reykjavik.is/stefnur



Borg fyrir fólk

Aðgerðir Græna plansins í samfélagsmálum 2022-2023

Markmið Reykjavíkurborgar á sviði lýðheilsu er að skapa heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt borgarsamfélag sem stuðlar að öryggi, jöfnuði, virkri þátttöku og vellíðan allra í heilsuborginni Reykjavík

3.5 Bætt lýðheilsa

Lýðheilsustefna Reykjavíkur til 2030: Heilsuborgin Reykjavík: „Borgin sem ég vil búa í“ var samþykkt ásamt aðgerðaáætlun 2022-2023 í borgarstjórn Reykjavíkur þann 5. október 2021.

Aðgerðir stefnunnar sem koma til framkvæmda árin 2022-2023 eru 32 talsins. Á meðal þeirra helstu eru:

I. Aðgerðir til að bæta heilsu og vellíðan á öllum æviskeiðum:

- Þátttaka í verkefnum heilsueflandi samfélags: Heilsueflandi leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar, heilsuefling aldraðra og heilsueflandi vinnustaðir
- Fræðsluáttak um lýðheilsu og heilsulæsi í Reykjavík
- Mikilvægi svefns fyrir heilsu og líðan – Tilraunaverkefni í skólastarfi
- Mótun forvarnaráætlunar Reykjavíkur
- Gerum holla valið auðveldu valið – Aðgerðir til að draga úr aðgengi að sykrudum og öðrum óhollum vörum í Reykjavíkurborg
- Innleiðing og eftirfylgni matarstefnu Reykjavíkur
- Innleiðing sameiginlegra reglna, viðmiða og leiðbeininga varðandi matarþjónustu
- Samhæfing ráðgjafar um matarmál og næringu til grunnskólanemenda og starfsfólks mótuneyta

II. Aðgerðir sem stuðla að jöfnuði til heilsu og vellíðanar og að engin sé skilinn eftir:

- Rannsókn á félagslegu landslagi, tekjudreifingu og greining viðkvæmra hópa í Reykjavík 2000-2020
- Rannsókn á heilsu og líðan hinseginfólks
- Frístundir í Breiðholti – Tilraunaverkefni til að auka þátttöku í frístundastarfi
- Aðgerðir gegn einmanaleika – kortlagning og mótun aðgerðaáætlunar

III. Aðgerðir til að tryggja að heilsa og vellíðan sé vegvísir í allri starfsemi Reykjavíkurborgar:

- Þátttaka í lýðheilsuborgarsamtökum Evrópu og skipan stýrihóps og starfshóps Reykjavíkur um lýðheilsu
- Stofnun lýðheilsusjóðs Reykjavíkur og ráðstöfun fjármagns hans til heilsueflandi verkefna
- Innleiðing gátlista heilsueflandi samfélags
- Lýðheilsuvísar og mælaborð Reykjavíkur – Þróun og innleiðing og árleg uppfærsla lýðheilsuvísa
- Lýðheilsuvísar fyrir eldri borgara – Útgáfa og regluleg uppfærsla
- Lýðheilsumat Reykjavíkur – Þróun og innleiðing

Innan aðgerðaáætlunar lýðheilsustefnu Reykjavíkur eru einnig aðrar aðgerðir á ábyrgð fagsviða Reykjavíkurborgar auk þess sem fjölmargar aðgerðir falla undir aðrar stefnur og málaflokka borgarinnar en eru til þess fallnar að stuðla að bættri lýðheilsu í Reykjavík.

Nánari umfjöllun um lýðheilsustefnuna og aðgerðaáætlun hennar má finna á: www.reykjavik.is/lydheilsa



Borg fyrir fólk

Aðgerðir Græna plansins í samfélagsmálum 2022-2023

Markmið Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og lýðræðismálum er inngilding og að íbúar hafi tækifæri til þess að vinna með borginni að bættum lífsgæðum í umhverfi sínu

3.6 Mannréttindi, aukin þátttaka og bætt samtal við íbúa

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt 2016 og henni fylgir aðgerðaráætlun í mannréttindamálum 2019-2023 sem jafnframt er lögbundin áætlun í jafnréttismálum. Þá er í gildi lýðræðisstefna Reykjavíkur 2021-2030 ásamt aðgerðaáætlun, aðgerðaáætlun Reykjavíkur gegn ofbeldi 2022-2024 og stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd gildir 2018-2022.

Helstu aðgerðir sem fylgja þessari samþykktu stefnumótun eru:

Aðgerðir í mannréttindamálum:

- Halda fræðslu um mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og jafnrétti í viðum skilningi á starfsstöðum borgarinnar
- Vinna gegn fordómum og hatursfullri orðræðu á vinnustöðum borgarinnar og skapa umhverfi sem er laust við fordóma
- Gera Reykjavíkurborg hinseginvænni fyrir borgarbúa og þjónustuþega með samþættingu hinsegin málefna, fræðslu og samvinnu við grasrótarsamtök hinsegin fólks
- Efla vitund starfsfólks borgarinnar um málefni hinsegin fólks, m.a. með regnbogavottun
- Vinna að auknu jafnrétti innan íþróttafélaga með ÍBR og íþróttafélögunum
- Vinna að bættu aðgengi fatlaðs fólks að byggingum, borgarlandi og þjónustu borgarinnar með umsögnum og ráðgjöf frá aðgengis- og samráðsnefnd borgarinnar í málefnum fatlaðs fólks
- Greina þjónustu borgarinnar út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar

Aðgerðir gegn ofbeldi:

- Fylgja eftir aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi
- Efla þekkingu starfsfólks á ofbeldi gegn fötluðu fólki

Aðgerðir í lýðræðismálum:

- Móta lýðræðisáttavita sem nýtist sem stuðningur við samráð og vegvísir fyrir íbúa
- Gefa út námsefni sem fjallar um mikilvægi þess að vera virkur í samfélagi ásamt yfirferð yfir hin ýmsu tækifæri til þátttöku
- Halda borgarabíng með borgarstjórn og borgarbúum þar sem fram fer samtal um mismunandi málaflökka
- Vinna með skólum, ungmennaráðum, notendaráðum, þjónustumiðstöðvum og félagsmiðstöðvum eldri borgara að aukinni þátttöku í kosningaþátttökuverkefninu Hverfið mitt


Aðgerðir í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd:

- Efla og miðla þekkingu, veita ráðgjöf, þróa verkferla og fylgja eftir ákvörðunum í málefnum innflytjenda
- Móta heildstæða stefnu í túlkka- og þýðingamálum, hvenær skal túlka, og hvað og hvernig skal þýða

Nánari umfjöllun um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði mannréttinda- og lýðræðismála má finna á: www.reykjavik.is/stefnur



39 milljarðar í samfélagslega innviði - Fjárfestingar 2022-2023



9,4 m.a. kr. í viðhald og uppbyggingu leikskóla

11 m.a. kr. í viðhald og uppbyggingu grunnskóla

10 m.a. kr. í íþróttir, útivist og tómstundir
þar af 4 m.a. í íþróttir og útivist í Laugardal
og 1,6 m.a. kr. í íþróttamiðstöð við Úlfarsárdal

4,3 m.a. kr. í menningarhúsnæði – þar af 2,6 m.a. kr. í Hafnarhús og
1,3 m.a. kr. í Grófarhús

1,6 m.a. kr. í verkefni á sviði velferðarmála, Heimili fyrir börn með
þroska- og geðraskanir, smáhýsi, hjúkrunarrými, vistheimili barna ofl.

2,1 m.a. kr. í lýðheilsuverkefni og þróun annara eigna. Á meðal
stærstu verkefna eru Hverfapottar (900 milljónir), lýðheilsa og leikur
(300 milljónir) og Toppstöðin (220 milljónir)



Stafræn umbreyting og samstarf um innleiðingu Græna plansins



Stafræn umbreyting þjónustu

Aðgerðir eiga að styðja við framkvæmd þjónustustefnu Reykjavíkur. Þetta eru aðgerðir sem eru hugsaðar til tveggja ára en verða endurskoðaðar með reglubundnum hætti. Aðgerðirnar falla allar undir þrjú meginmarkmið þjónustustefnunnar.

1. FAGMENNSKA

1.1 Kynning á þjónustustefnu og aðgerðaáætlun - Mikilvægt er að uppfærð þjónustustefna og ný aðgerðaáætlun séu kynntar fyrir öllu starfsfólki. Það verði gert með kynningum á starfsstöðum og í gegnum miðla eins og Workplace. Upplýsingaefni um stefnuna verði aðgengilegt fyrir allt starfsfólk á innri vef.

1.2 Námskeið fyrir starfsfólk um þjónustuveitingu - Öllu starfsfólki verði gefinn kostur á að sækja námskeið í þjónustuveitingu. Á námskeiðinu verði lögð áhersla á þjónustuviðmót og þjónustuupplifun.

1.3 Próa og innleiða „þjónustuskref“ - Þróuð verði þjálfunaráætlun fyrir starfsstaði. Áætlunin verður sett upp sem skref. Þjónustuskrefin eru í raun samansafn gátlista sem er skipt upp í nokkur skref. Í hverju skrefi verður ákveðinn fjöldi aðgerða sem starfsstaður þarf að innleiða í sinni þjónustu. Veitt verður viðurkenning fyrir hvert skref sem lokið er.

1.4 Próa og innleiða viðmið fyrir þjónustu borgarinnar - Skilgreind verði viðmið fyrir þjónustu borgarinnar. Viðmiðin segja til um hvernig þjónustu borgin vill veita. Fyrirmynd af viðmiðum er „15 góðar þjónustur“.

1.5 Ánægjumælingar á helstu þjónustubáttum - Framkvæmdar verða reglulegar ánægjumælingar á helstu þjónustubáttum meðal viðskiptavina borgarinnar.

3. SKILVIRKNI

3.1 Kortlagning á þjónstuupplifun innri og ytri viðskiptavina borgarinnar - Kortlagt verður hvernig hægt er að bæta þjónstuupplifun, t.d. með ferðalagi viðskiptavinarins í gegnum borgarkerfið. Notast verður við viðmið um góða þjónustu. Helstu þjónstukeðjur í þjónustuveitingu borgarinnar verða kortlagðar og teiknaðar upp með það fyrir augum að greina sársauk punkta og tækifæri í þjónustuveitingu.

3.2 Samræming á framlínubjónustu Reykjavíkurborgar - Verkefni sem miðar að því að auka samræmi íframlínubjónustu borgarinnar. Skilgreint verður hvaða starfsemi og þjónustu skuli samræma, s.s. varðandi ásýnd, gæðaviðmið, rödd (tone of voice) o.s.frv. Í framhaldinu verður unnið að því að samræma þá starfsemi. Hluti af þeirri vinnu verður að gera þjónustuver markvisst að fyrsta viðkomustað borgaranna þegar sótt er um þjónustu, með það að markmiði að afgreiða mál í fyrstu snertingu.

3.3 Próa áfram ábendingavef - Unnið verður að því að þróa virkni ábendingavefs með það að markmiði að auka notkun hans. Móta þarf skýra ferla og verklag varðandi meðhöndlun ábendinga.

2. NOTENDAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA

2.1 Stafræn umbreyting á þjónustu Reykjavíkurborgar - Stafræn umbreyting og rafvæðing þjónustuferla er mikilvægur liður í því að bæta þjónustu við íbúa Reykjavíkur. Markmiðið er að færa þjónustuna nær íbúnum með því að bjóða upp á rafrænar umsóknir, aðgengilega hönnun og mannlegt viðmót í stað umsókna á pappírseyðublöðum. Unnið verður út frá aðferðafræði notendamiðaðrar hönnunar og þjónustuferlar endurhannaðir.

2.2 Námskeið í notendamiðaðri hönnun - Boðið verður upp á námskeið í notendamiðaðri hönnun fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar. Á námskeiðinu verður farið í gegnum allan feril notendamiðaðrar hönnunar.


2.3 Gæðamat: Markmiðið alltaf að bæta þjónustu – Framkvæmdar verða innri úttektir þar sem lagt verður mat á aðgengileika þjónustu og gæði. Mat verður framkvæmt út frá fyrirliggjandi gátlistum. Aðgengi að rýmum hjá starfsstöðum, aðgengi að upplýsingum eða þjónustu á stafrænum miðlum o.s.frv.

Nánari umfjöllun og ný drög þjónustustefnu og aðgerðaáætlun hennar má finna á:
www.reykjavik.is/thjonustustefna



Átta milljarðar í stafræna umbreytingu borgarinnar

Fjárfesting Reykjavíkurborgar 2022-2023



8 m.a. kr. verða lagðar í stafræna umbreytingu í Reykjavík

2,8 m.a. í hugbúnað og ný upplýsingatækniakerfi

2,5 m.a. í notendabúnað og upplýsingatækniinnviði

2,3 m.a. í stafræna umbreytingu og rafvæðingu ferla



Innlent samstarf (1/2)

Til þess að Græna planið nái árangri þarf að efna til samstarfs við ýmsa innlenda aðila, þ.m.t. ríkisvaldið. Samstarf Reykjavíkurborgar, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og sameiginlegra fyrirtækja þeirra er lykilþáttur í innleiðingu Græna plansins. Árin 2022-2023 verður megináhersla á þessi verkefni:

Almenningssamgöngur - Uppbyggingu Borgarlínu og tengdra innviða

Borgarlínan er eitt megin verkefni samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og er undirbúningur Borgarlínunnar í gangi hjá verkefnastofu Borgarlínu. Helstu áfangar 2022-2023 eru:

- Vinna við að frumdrög og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna Borgarlínu
- Reykjavíkurborg undirbýr deiliskipulag fyrir fyrsta áfanga borgarlínunnar, frá Ártúnshöfða um Suðurlandsbraut að miðborginni, HÍ, Landspítala og HR að væntanlegri Fossvogsbrú
- Hönnun Fossvogsbrúar hefst á árinu 2022 og er gert ráð fyrir að framkvæmdir við fyllingar vegna brúarinnar hefjist á árinu 2022 og aðrar framkvæmdir hefjist á árinu 2023
- Strætó bs. vinnur að mótun nýs leiðanets á höfuðborgarsvæðinu með hliðsjón af áætluðum leiðum Borgarlínunnar í samstarfi við m.a. sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðina. Gert er ráð fyrir að endanleg tillaga að nýju leiðaneti liggi fyrir á árinu 2022 eftir samráð við almenning og fleiri
- Í undirbúningi er að gera biðstöðvar fyrir strætó á Kringlumýrarbraut í Fossvogi og áætlað að framkvæmdir hefjist á árinu 2022
- Á árinu 2022 verður unnið að framkvæmdum vegna leiðakerfisbreytinga í Grafarvogi, sem voru innleiddar haustið 2021, m.a. endastöðvar Borgarlínu við Egilshöll. Áfram verður unnið að smærri lagfæringum á biðstöðvum til að bæta aðgengi og öryggi vegfarenda
- Framkvæmdir við endurgerð Hlemms hefjast 2022

Orkuskipti - Samstarf til að tryggja markviss og góð orkuskipti á næstu árum

Til að flýta orkuskiptum í Reykjavík á næstu árum voru samþykktar tillögur í borgarráði 3. febrúar 2022. Megininntak þeirra eru:

1. **Reykjavíkurborg og fyrirtæki borgarinnar verði áfram í forystu í orkuskiptum á Íslandi með áherslu á hreinorku og uppbyggingu innviða fyrir orkuskipti**
2. **Ekki verði keyptir bílar og tæki til borgarinnar sem ganga fyrir jarðefnaeldneyti frá og með árinu 2022 og nái markmiðið einnig til leigu á bifreiðum og tækjum til skemmri og lengri tíma, eftir því sem nokkur er kostur. Allar bifreiðar og tæki í rekstri borgarinnar og fyrirtækja hennar nýti hreinorku eigi síðar árið 2025**
3. **Reykjavíkurborg og fyrirtæki borgarinnar beiti sér fyrir hraðri uppbyggingu innviða til að styðja við orkuskipti í samvinnu við ríkið, önnur sveitarfélög, atvinnulíf og íbúa**



Innlent samstarf (2/2)

Til þess að Græna planið nái árangri þarf að efna til samstarfs við ýmsa innlenda aðila, þ.m.t. ríkisvaldið. Samstarf Reykjavíkurborgar, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og sameiginlegra fyrirtækja þeirra er lykilþáttur í innleiðingu Græna plansins. Árin 2022-2023 verður megináhersla á þessi verkefni:

Hringrásarhagkerfið í Reykjavík

Samþykktar voru tillögur í borgarráði 3. febrúar 2022 til að flýta fyrir uppbyggingu hringrásarhagkerfis, úrgangsforvarna og endurnýtingu. Aðgerðirnar horfa til horfa til fjögurra lykilþátta hringrásarhagkerfisins; byggingariðnaðar, innkaupa, úrgangsmála og deiliahagkerfisins og nýrra viðskiptatækifæra í hringrásarhagkerfinu. Á næstu árum verður unnið að uppbyggingu hringrásarhagkerfis í samstarfi Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar, samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og annarra hagsmunaaðila. Á meðal helstu aðgerða verða:

- Samræmd úrgangsflokkun á höfuðborgarsvæðinu
- Uppbygging hringrásarmiðstöðvar og deiliahagkerfis í Reykjavík
- Byggingariðnaður - Nýsköpun í nýtingu á niðurrifnu byggingarefni, endurnotkun byggingarefnis og auðlindagerður til endurnýtingar þess
- Nýting fráveituúrgangs og bætt nýting bakrásarvatns
- Aukin umhverfisvottun bygginga og umhverfisskilyrði í innkaupum
- Minni plastnotkun og aukin nýting metans

Græn fjármál Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar

Til að flýta umbótum hvað varðar græn fjármál og innkaup, græna sjálfbæra og félagslega fjármögnun hjá Reykjavíkurborg og fyrirtækjum hennar voru samþykktar tillögur í borgarráði 18. nóvember 2021. Áhersla verður á fjóra meginþætti á næstu árum:

1. **Tímabær endurnýjun verkferla**
Innleiðing á endurbættu ferli frá þörf til fjármögnunar með það að markmiði að tryggja grænni innkaup og huga að fjármögnun grænna verkefna strax á undirbúningsstigi
2. **Nýting upplýsingakerfa**
Aðgerðir til að tryggja að upplýsingakerfi haldi utan um þau verkefni sem falla undir græna skuldabréfaumgjörð til að auðvelda gagnaöflun og gegnsæi
3. **Samfélagsleg umgjörð um fjármögnun**
Skoðun á því hvort verkefni borgarinnar séu frekar falli frekar undir samfélagslega skuldabréfaumgjörð heldur en græna skuldabréfaumgjörð
4. **Innkaupastefna til grænkunnar**
Settar verði fram áherslur sem leiða til sjálfbærari innkaupa í innkaupastefnu Reykjavíkurborgar sem fylgt verður eftir með útfærðri aðgerðaáætlun með mælanlegum markmiðum



Alþjóðlegt samstarf

Reykjavíkurborg mun styðja við innleiðingu Græna plansins með því að nýta þau tækifæri sem felast í þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Árin 2022-2023 verður kynningarstarf til innlendra og erlendra hagaðila eftt og unnið verður að því að styrkja samstarfstækifæri í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum.

Áhersla verður á nýja rannsóknaráætlun ESB, Horizon Europe, sem gildir 2021-2027 en hún mun ráðstafa 100 milljörðum evra til rannsókna og nýsköpunar á komandi árum. Megináherslan er á umhverfismál en 4 af 5 leiðangranna eru á sviði loftslags- og umhverfismála:

- **Aðlögun að loftslagsbreytingum** (Adaptation to Climate Change: support at least 150 European regions and communities to become climate resilient by 2030)
- **Endurheimta heilbrigði hafs og vatna** (Restore our Ocean and Waters)
- **Heilbrigður jarðvegur og fæða** (A soil deal for Europe: 100 living labs and lighthouses to lead the transition towards healthy soils by 2030)
- **Kolefnishlutlausar og snjallar borgir** (100 Climate-neutral and smart Cities by 2030)

Árin 2022-2023 verða eftirfarandi rannsóknar- og nýsköpunarverkefni sem falla undir Horizon 2020 í rekstri hjá Reykjavíkurborg:

- **Kolefnishlutlausar og snjallar borgir** (100 Climate neutral and smart Cities by 2030)
Reykjavíkurborg hefur sótt um að verða hluti af Evrópusamstarfi um kolefnishlutlausar og snjallar borgir. Verkefnið mun hefjast með samstarfi og skuldbindingum innan borgar og utan með kolefnishlutleysi að leiðarljósi, m.a. með gerð svokallaðra loftslagssamninga.
- **SPARCS** (Sustainable energy Positive & zero cARbon Communities):
Tímarammi verkefnis: október 2019 – september 2024
www.sparcs.info
SPARCS er samstarfsverkefni 31 haghafa og 7 borga. Ætlunin er að þróa hagkvæmar lausnir sem virka í vegferðinni í átt að sjálfbærni og kolefnishlutleysi borga.
- **IMPULSE** - Tímarammi verkefnis: febrúar 2021 – janúar 2024 www.impulse-h2020.eu
IMPULSE verkefnið tengist stafrænni vegferð borgarinnar en m.a. eru metnar aðstæður, áskoranir og áhættur stafrænna umbreytinga sem hagnýta gervigreind og bálkatakni.
- **Net4AgeFriendly/COST** (International Interdisciplinary Network on Smart Healthy Age-Friendly Environments) -
Tímarammi verkefnis: október 2020- október 2024
NET4Age-Friendly
Verkefnið er samstarfsvettvangur fjölmargra aðila í Evrópu sem vinna að þróun velferðartækni og aldursvænna umhverfa. Áherslur taka mið af velferðarstefnu Reykjavíkur og hugmyndum um aldursvæna borg.



Mælikvarðar Græna plansins

Til að mæla árangur Græna plansins innleiðir Reykjavíkurborg **þrjá staðla** frá alþjóðlegu samtökunum World Council on City Data (WCCD) sem mæla stöðu borga með tilliti til sjálfbærni.

Staðlarnir samanstanda hver um sig af 60-150 mælikvörðum í 17 yfirflokkum sem stýra og mæla frammistöðu borga á hverju áherslusviði fyrir sig. Alls innihalda staðlarnir 250 mælikvarða. Hægt er að tengja hvern og einn mælikvarða við undirmarkmið Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna og er þessi vinna því góður undirbúningur fyrir innleiðingu þeirra.

Árin 2022-2023 mun Reykjavíkurborg halda áfram árlegum uppfærslum staðlanna þriggja. Gagnasöfnun vegna þeirra mun fara fram innan og utan stjórnkerfis borgarinnar. Starfshópur um innleiðingu staðlanna er að störfum og gerir á árinu 2022 tillögu um hagnýtingu mælikvarðanna hjá borginni og áframhald verkefnisins.

- ISO 37120 um þjónustuveitingu borga og lífsgæði íbúa þeirra. Staðallinn mælir umhverfislega, efnahagslega og samfélagslega sjálfbærni borga og gerir þeim kleift að fylgjast með eigin vegferð og bera sig saman við aðrar borgir.
- ISO 37122 um snjallvæðingu borga. Staðallinn mælir árangur og þroskaferli borgarinnar sem snjallborg. Þá er m.a. átt við framvindu deili- og hringrásahagkerfisins og framsækni í nýjungagjörunum lausnum.
- ISO 37123 mælir seiglu (resilience) borga. Þá er átt við hversu vel borgir geti aðlagast og jafnað sig á þeim áföllum sem þær geta orðið fyrir af völdum náttúruhamfara og loftslagbreytinga, heimsfaraldra, netárása og fleira.

Nú þegar getur borgin borið niðurstöður sínar úr þjónustu- og lífsgæðastaðlinum saman við niðurstöður yfir 100 annarra borga í alþjóðlegri samanburðargátt, en næstu tvö árin verður þróuð sambærileg gátt fyrir hina tvo staðlanna.



WCCD

**WORLD COUNCIL
ON CITY DATA**



1 ENGIN
FÁTÆKT



2 EKKERT
HUNGUR



3 HEILSA OG
VELLIÐAN



4 MENNTUN
FYRIR ALLA



5 JAFNRÉTTI
KYNJANNA



6 HREINT VATN OG
HREINLÆTISABSTAÐA



7 SJÁLFBÆR
ORKA



8 GÓÐ ATVINNA
OG HAGVÖXTUR



9 NÝSKÖPUN OG
UPPBYGGING



10 AUKINN
JÖFNUÐUR



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR
OG SAMFÉLÖG



12 ÁBYRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



13 AÐGERÐIR Í
LOFTSLAGSMÁLUM



14 LÍF Í
VATNI



15 LÍF Á
LANDI



16 FRÍÐUR OG
RÉTTLÆTI



17 SAMVINNA UM
MARKMIÐIN



HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna




Græna planið og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Framtíðarsýn og markmið Græna plansins styðja við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmiðin horfa til efnahags, samfélags og umhverfis líkt og Græna planið

Heimsmarkmið 17 leggur ríka áherslu á samstarf til að ná fram markmiðunum líkt og Græna planið gerir



Johan Rockström's „SDG Wedding Cake“



Græna planið

Yfirlit yfir fjárfestingar 2022-
2023





Uppbygging

Íbúðarhúsnæði

Vogabyggð - Elliðavogur	1.000.000
Bryggjuhverfi stækkun III	750.000
Skerjafjörður	900.000
Ártúnshöfði	800.000
Úlfarsárdalur	200.000
Úlfarsárdalur - við Leirtjörn	150.000
Veðurstofureitur	200.000
Verkefni hverfaskipulags	200.000
Hlíðarendi	150.000
Þétting byggðar	200.000
Breknaás	50.000
Sjómannaskólareitur	100.000
Vesturbugt	100.000
Kirkjusandur	80.000
Sléttuvegur	60.000
Reynisvatnsás/Grafarholt	40.000
Norðlingaholt	10.000
Gönguleiðir	60.000
Ýmis undirbúnings- og hönnunarverkefni	260.000

Íbúðarsvæði 5.310.000

Athafnasvæði

Gufunes 280.000

Gufunes

Eggertsgata - Sturlugata	20.000
Landspítali	100.000
Vatnsmýri, Blönduð byggð, vatnsbúskapur	40.000
Stúdenta- og Vísindagarðar HÍ	60.000
Samgöngumiðstöð	300.000
U-reitur, samgöngumiðstöð gatnagerð	50.000

Vísindaborg í Vatnsmýri

Hlemmsvæði, götur og torg	1.000.000
Laugavegur, endurbætur	400.000
Lækjargata/Lækjartorg	200.000
Miðbakki	40.000
Vistgötur og göngusvæði í Kvos	100.000
Þingholt, torg	100.000

Miðborgin

Esjumelar	150.000
Hallar, Lambhagavegur	10.000

Athafnasvæði 2.850.000

Samtals: 8.160.000



Umhverfismál og samgöngur

Umhverfismál

Götulýsing - LED væðing	1.150.000
Austurheiðar - útivistarsvæði	200.000
Grenndarstöðvar	240.000
Sorpbifreiðar fyrir USK	300.000
Sæbraut sjóvarnir	300.000
Öskjuhlíð	200.000
Endurnýja dráttarvélar USK	100.000
Kaup á ýmsum tækjum USK	125.000
Rafmagnsbifreiðar fyrir USK (SPV)	50.000
Rafmagnsbifreiðar fyrir VE	110.000
Græna netið	100.000
Hleðslustöðvar	100.000
Orkuskipta verkefni	50.000
Aðgerðaáætlun flóðavarna vegna loftlagsbreytinga	100.000
Hljóðvarnir skv. aðgerðaráætl.	100.000
Hljómskálagarður	50.000
Vatnspóstar	60.000
Líffræðileg fjölbreytni, endurheimting votlendis	60.000
Ýmsar framkvæmdir	50.000
Undirbúningur vegna verkefna næsta árs	50.000
Sorpílát í borgarlandi	40.000
Endurnýjun götutrjáa	40.000
Ruslastampar	20.000
Skógrækt, kolefnisbinding	20.000
Snjallborgarlausnir USK	20.000
Reiðstígar	10.000

Samtals

3.645.000

Samgöngur

Gatnakerfi viðhald	1.400.000
Samgöngusáttmáli	1.232.000
Hjólreiðaáætlun	1.100.000
Gönguleiðir í eldri hverfum	600.000
Umferðaröryggisáætlun	500.000
Borgargötur	400.000
Nauthólsvegur	400.000
Gufunesvegur	200.000
Götulýsing, endurnýjun	300.000
Strætó - forgangur, endurnýjun og aðgengi	300.000
Umferðarljós	200.000
Vesturlandsvegur	160.000
Miðamælar	120.000
Bílakjallari Vesturbugt	422.000
Bústaðavegur 151-153	50.000
Ýmsar framkvæmdir með Vegagerðinni	100.000
Geirsgata-Lækjargata	20.000
Suðurlandsbraut	270.000
Umferðaskiltun, merkingar	40.000
Breikkun Suðurlandsvegar	20.000
Ýmsar framkvæmdir	10.000

Samtals

7.844.000

Umhverfismál og samgöngur samtals: 11.489.000



Samfélag

Lýðheilsa og leikur	300.000	Íþróttamannvirki ÍR í Mjódd	420.000	Austurbæjarskóli	100.000
Almannadalur - hesthús	60.000	Endurnýjun gervigrasvalla	725.000	Átak í viðhaldsmálum SFS	2.500.000
Betri hverfi "Hverfapottar" 7102	900.000	Sundhöll endurnýjun	450.000	Endurbygging skólalóða	350.000
Leikvellir, torg og opin svæði 7102	200.000	Dans- og fimleikahús í Breiðholti	750.000	Endurnýjun mótuneyta	100.000
Saltgeymsla	270.000	Endurnýjun áhalda og tækja	80.000	Framlag til stofnkostnaðar framhaldsskóla	400.000
Skipulagseignir	150.000	Fjolnota knattus KR	260.000	Færanlegar stofur	330.000
Tjarnargata 12	6.000	Leirdalur frísbíggjuföllur	10.000	Grunnskólar - meiri háttar viðhald	1.000.000
Tjöld í borgarstjórnarsal	6.000	Skíðalyftur í hverfum	20.000	Nýjir grunnskólar - Skerjafjörður	800.000
Toppstöðin	220.000	Sundlaug Fossvogi	80.000	Nýjir grunnskólar - Vogabyggð	800.000
Völvufell 7a	5.000	Sundlaugar, meiri háttar viðhald	200.000	Safamýrarskóli - endurbætur	200.000
Lýðheilsuverkefni og aðrar eignir	2.117.000	Vetrargarður Breiðholti	150.000	Safnliður - m.a. öryggis- og aðgengismál	60.000
		Íþróttir og tómstundir	3.145.000	Viðbyggingar og endurbætur í eldri skólum	2.500.000
Íþróttamiðstöð í Úlfarsárdal	1.150.000	Barnavernd, nýtt skrifstofuhúsnæði	30.000	Viðbyggingar og endurbætur skólalóða	1.500.000
Íþróttamiðstöð í Úlfarsárdal - sundlaug	10.000	Fjölgun hjúkrunarrýma	364.000	Vörðuskóli, kaup og endurbætur	500.000
Íþróttamiðstöð í Úlfarsárdal - sundlaug Rennibraut	70.000	Framleiðslueldhús	350.000	Grunnskólar	11.140.000
Úlfarsárdalur, íþróttasvæði FRAM	350.000	Heimili fyrir börn með þroska og geðraskanir	150.000	Árborg	40.000
Heilsa í Úlfarsárdal	1.580.000	Konukot endurbygging / stækkun	250.000	Endurgerð leikskólalóða	550.000
		Smáhýsi	115.000	Endurnýjun mótuneyta	100.000
Skíðasvæði Bláfjöllum og Skálfelli	90.000	Vistheimili barna	310.000	Engjaborg, Brekkuborg, Sæborg, Heiðarborg, Klettaborg, Fífuborg	80.000
Skíðasvæði Bláfjöllum og Skálfelli - nýr samningur	1.233.000	Velferðarmál	1.569.000	Leikskólar, breytingar og starfsmannaðstaða	400.000
Nýr gervigrasvöllur í Laugardal	450.000	Aðalstræti 10	85.000	Leikskólar, meiri háttar viðhald	200.000
Vísinda- og upplifunarsafn í Laugardal	900.000	Borgar bókasafn, opið bókasafn	10.000	Nýjar leikskóladeildir	7.400.000
Laugardalslaug	900.000	Borgar bókasafn, sjálfsafgreiðsluvélar	10.000	Nýr leikskóli í Völvufelli	445.000
Laugardalshöll	140.000	Borgar leikhús	124.000	Rauðhóll	70.000
Íþróttahús í Laugardal	1.600.000	Borgarskjalasafn	80.000	Safnliður - m.a. v/öryggismála	60.000
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn í Laugardal	40.000	Endurgera Sólheimasafn	50.000	Ægisborg	40.000
Tjaldsvæði í Laugardal	20.000	Grófarhús	1.300.000	Leikskólar	9.385.000
Skíðasvæði og útivist í Laugardal	5.373.000	Hafnarhús	2.600.000		
		Naustið, Viðey	50.000		
		Menningarmál	4.309.000		

Samfélagslegir innviðir samtals: 38.618.000



Stafræn umbreyting

Notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir	2.523.000
Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi	2.802.000
Stafræn umbreyting og rafvæðing ferla	2.285.000
Önnur verkefni þjónustu og nýsköpunarsviðs	454.000
Upplýsinga- og gagnastýring	226.000
Hönnun og umbreyting þjónustu	90.000
Stjórnsýsluhúsin	60.000
Borgartún 12-14	50.000
Rannsóknir og nýsköpun	28.000

Samtals:	8.064.000
-----------------	------------------





Um Græna planið (í stuttu máli)

- Borgarstjórn ákvað 2. júní 2020 að vinna langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar undir heitinu Græna planið
- Græna planið var unnið samhliða undirbúningi fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021 og fimm ára áætlunar 2021-2025
- Græna planið var unnið sem viðbragð við áhrifum af heimsfaraldri kórónaveirunnar og uppfært í ársbyrjun 2022
- Græna planið teiknar upp framtíðarsýn borgarinnar til lengri tíma og tengir lykilstefnur og verkefni borgarinnar við þá framtíðarsýn
- Græna planið snýr bæði að þróun á þjónustu og stjórnerfi borgarinnar auk þess að draga fram forgangsörðun á fjárfestingu borgarinnar og tengdra fyrirtækja





Heildarstefna Reykjavíkurborgar til 2030

Heildarstefna Reykjavíkurborgar til 2030

